



## VIÐAUKI J

**Fuglar og sjávardýr  
Vistgerðir og gróðurfar**



# Athuganir á fuglum, spendýrum, gróðri og vistkerfum fyrir umhverfismat vegna Sundabrautar

Unnið fyrir Vegagerðina



Maí 2025

Jóhann Óli Hilmarsson

Alex Máni Guðríðarson

Björn Hjaltason

Ólafur Einarsson

## Útdráttur

Sundabraut er ætlað að liggja frá Sundahöfn yfir í Gufunes og um Geldinganes og Álfsnes yfir á Kjalarnes. Tringa ehf. var falið að skoða fugla, spendýr og vistgerðir á áhrifasvæði Sundabrautar. Gróðurathuganir byggja á eldri gögnum. Athuganir á fuglum voru gerðar frá mars fram í desember 2023. Talið var í tuttugu og eitt skipti á sjö fjöru- og grunnsjávarsvæðum ásamt einni tjörn. Úttekt á varpfuglum á landi, aðallega mófuglum, var gerð í tveimur heimsóknum í maí og júní. Vetrarfuglatalningar Náttúrufræðistofnunar voru hafðar til hliðsjónar, sem og gögn frá fyrra umhverfismati, 1997-98 og 2006, ásamt öðrum athugunum á fuglum og gróðri.

Lífriki á framkvæmdasvæðinu er afar fjölbreytt, sérstaklega í fjörum og á grunnsævi. Svæðið er viðkvæmt fyrir raski, sérstaklega leirur og önnur fjörusvæði, svo og grunnsævi. Leiruvogur er mikilvægasta fjörusvæðið, miklar leirur koma þar upp á fjöru, einnig finnast þar malarfjörur og sjávarfitjar. Fuglalíf við voginn er mikið árið um kring, en fjöldinn er mestur á farti má vor og haust. Sjávarföll ráða miklu um dreifingu fugla við voginn. Á flóði safnast fuglarnir saman á sjávarfitjarnar við Varmárósa og á Leirvogstungu, til að sofa og hvílast. Leiruvogur og Blikastaðakró hafa nú verið friðlýst. Nokkur önnur leirusvæði með ríkulegu fuglalífi eru á framkvæmdasvæðinu: Eiðsvík við Geldinganesiði, svo og Grafarvogur og Kollafjörður. Tvö síðarnefndu leirusvæðin eru reyndar ekki á sjálfru framkvæmdasvæðinu, en brúargerð, uppfyllingar og aðrar framkvæmdir gætu haft óbein áhrif á fuglalífið þar. Rúmlega helming allra heillegra leira á Innnesjum, frá Hafnarfirði uppí Kollafjörð, er að finna á framkvæmdasvæðinu.

Vistgerðir á landi á hafa ekki hátt verndargildi. Þær eru víða á röskuðu landi, en á stöku stað má finna votlendisleifar með mjög hátt verndargildi, svo og þrjár graslendisvistgerðir og eina mólendisvistgerð með hátt verndargildi. Fjöruvistgerðir eru aftur á móti flestar með mjög hátt verndargildi. Tjörn í Álfsnesi er strandvatn með hátt verndargildi og skartar ríkulegu fuglalífi. Fylgt var flokkun og verndargildismati Náttúrufræðistofnunar á vistgerðum.

Alls hafa verið skráðar 228 tegundir háplantna á athugunarsvæðinu, sem og á annað hundrað tegunda lágplantna. Fyrir utan þörungum er lágplöntum ekki gerð skil hér. Engin háplanta er á válista eða friðlýst, en nokkrar eru sjaldgæfar á landsvísu. Ein ný tegund fyrir landið fannst í Álfsnesi, *Juncus tenuis*, sem við höfum valið að kalla götumál á íslensku. Hún fer væntanlega á válista. Engir þörungar eru á válista.

Í fuglatalningunum fundust 69 tegundir fuglar. Æðarfugl var algengastur. Fuglar eins og margæs, brandönd, rauðhöfðaönd, stokkönd, tjaldur, heiðlóa, rauðbrystingur, stelkur, silfurmafur, svartbakur, hrafn og stari voru mjög tíðir, sumir yfir lengri tíma, aðrir yfir skemmri tíma. Af þessum 69 tegundum eru 41 skráð á einhverja af þeim þremur verndarviðmiðum sem fjallað er um: 27 eru á válista Náttúrufræðistofnunnar, 24 eru íslenskar ábyrgðartegundir og 11 eru skráðar í II viðauka Bernarsamningsins. Einlendar undirtegundir voru 15 af þessum 69 tegundum. Algengustu varpfuglarnir reyndust vera hrossagaukur, þúfuttlingur,

skógarpröstur, stelkur og tjaldur, allt algengir mófuglar hér á landi. Ein selategund sást, landselur. Eitt selalátur er á svæðinu, Gorvík í Blikastaðakró, sem er kunnur selaskoðunarstaður. Rétt er að nefna líka til sögunnar liðorminn risaskera en aðalútbreiðslusvæði hans á Íslandi er á athugunarsvæðinu. Lífshættir hans og útbreiðsla er þó fremur illa þekkt á Íslandi.

Jarðgangaleiðin hlýtur að hafa minnst rask í för með sér fyrir lífríkið, en eingöngu er gert ráð fyrir göngum undir Kleppsvík. Við hönnun brúa þarf að huga mjög vel að umhverfisþáttum eins og fallaskiptum og straumum. Brúarhöf þurfa að vera það víð að vatnaskipti innan brúa skerðist ekki og við hönnun brúa þarf að taka tillit til þess að háir turnar, vírar og stög valda áflugshættu, þar sem umferð fugla er mikil eins og á því svæði sem skýrslan fjallar um. Jafnframt þarf að huga að þáttum eins og lýsingu á brúm. Vakta þarf fuglalífið á öllum stigum framkvæmda til að hægt sé að grípa til aðgerða, ef þær hafa áhrif á það.

## Efnisyfirlit

|                                                                       |    |
|-----------------------------------------------------------------------|----|
| Útdráttur .....                                                       | 2  |
| Efnisyfirlit .....                                                    | 4  |
| Inngangur .....                                                       | 5  |
| 2 Rannsóknarsvæði .....                                               | 5  |
| 3 Aðferðir .....                                                      | 6  |
| 3.1. Fuglar .....                                                     | 6  |
| 3.2. Gróður og vistgerðir .....                                       | 7  |
| 3.3. Eldri athuganir .....                                            | 8  |
| 4 Skipting og sérkenni talningarsvæðanna .....                        | 8  |
| 4.1. Sjór og fjara .....                                              | 8  |
| 4.2. Talningarsvæði á landi, snið .....                               | 10 |
| 5 Niðurstöður .....                                                   | 12 |
| 5.1 Gróður og vistgerðir .....                                        | 12 |
| 5.1.1. Flóra og gróður .....                                          | 12 |
| 5.1.2 Vistgerðir .....                                                | 14 |
| 5.2 Fuglar .....                                                      | 20 |
| 5.2.1 Fjörur og grunnsævi .....                                       | 20 |
| 5.2.2 Fuglar á landi og niðurstöður mófuglatalninga .....             | 29 |
| 5.3. Önnur dýr .....                                                  | 31 |
| 5.3.1 Spendýr .....                                                   | 31 |
| 5.3.2 Risaskeri .....                                                 | 32 |
| 6 Verndarviðmið fugla .....                                           | 32 |
| 7 Friðlýsingar, svæði á náttúruminjaskrá og mikilvæg fuglasvæði ..... | 35 |
| 8 Umræða .....                                                        | 38 |
| 8.1. Vistgerðir .....                                                 | 38 |
| 8.2. Flóra og gróður .....                                            | 38 |
| 8.3. Dýralíf .....                                                    | 39 |
| 8.3.1 Almennt um fugla .....                                          | 39 |
| 8.3.2 Fuglar á leirum .....                                           | 39 |
| 8.3.3 Annað dýralíf .....                                             | 41 |
| 8.4. Áhrif framkvæmda .....                                           | 41 |
| 8.4.1. Hluti I .....                                                  | 42 |
| 8.4.2. Hluti II .....                                                 | 42 |
| 8.4.3. Hluti III .....                                                | 43 |
| 8.4.4. Hluti IV .....                                                 | 44 |
| 8.5. Brúargerð, mótvægisgerðir .....                                  | 45 |
| 8.6. Vöktun .....                                                     | 46 |
| 9 Lokaorð .....                                                       | 46 |
| 10 Heimildir .....                                                    | 47 |
| 11 Viðaukar .....                                                     | 51 |
| Viðauki 1 – Fuglatal .....                                            | 51 |
| Viðauki 2 – Háplöntutal .....                                         | 61 |
| Viðauki 3 – Þörungatal .....                                          | 67 |
| Viðauki 4 – Þekjumælingar .....                                       | 69 |
| Viðauki 5 – Vistgerðarkort, stærri útgáfa. ....                       | 71 |
| Viðauki 6 – Flokkun vistgerða á athugunarsvæðinu .....                | 75 |
| Viðauki 7 – Fræðiheiti dýra sem nefnd eru í skýrslunni. ....          | 76 |
| Viðauki 8 – Niðurstöður sniðtalninga á einstökum sniðum .....         | 78 |
| Viðauki 9 – Vöktunaráætlun fugla vegna Sundabrautar .....             | 82 |

Ljósmynd á forsiðu: Æðurin er langalgengasti fuglinn á áhrifasvæði Sundabrautar.

Ljósm. JÓH.1

## Inngangur

Í ljósi fyrirhugaðra framkvæmda við Sundabraut var þess farið á leit við skýrsluhöfunda að taka að sér rannsóknir á fuglalífi, spendýrum, gróðurfari og vistgerðum á áhrifasvæði brautarinnar. Verkið er unnið á grundvelli tilboða Tringa ehf., dagsettum 24. mars 2023 og 2. júlí 2024, sem voru samþykkt af Vegagerðinni, en Efla, verkfræðistofa var tengiliður við verkkaupa.

Rannsóknasvæðið nær frá Grafarvogi og Sundahöfn um Gufunes, Geldinganes, Gunnunes, Álfsnes og yfir Kollafjörð, þar sem Sundabraut á að sameinast þjóðvegi 1. Öll fjörusvæði innan brautar eru á áhrifasvæði hennar vegna sjávarfalla og áflugshættu þeirra fugla sem sækja þangað á grunnsævi og fjöru. Verkefnið fólst í að:

- kanna fyrirbyggjandi gögn um fuglalíf, spendýr, gróðurfari og vistgerðir,
- rannsaka fuglalíf á vettvangi, þéttleika og tegundasamsetningu,
- kanna vistgerðir og gróðurfari á og nærri fyrirhugaðri veglínu,
- vinna úr gögnum,
- fjalla um hugsanleg áhrif framkvæmda á fuglalíf, spendýr, flóru, gróður og vistgerðir og
- semja skýrslu um niðurstöðurnar.

„Skyldi verkefnið unnið með hliðsjón af þeirri framkvæmd sem um ræðir og þeim kröfum sem Skipulagsstofnun gerir til slíkra verka“. Í skýrslunni er sérstaklega fjallað um á tegundir á Válista og ábyrgðartegundir, sem fundust á rannsóknasvæðinu, svo og mikilvæg fuglasvæði og verndarsvæði.

Þetta er þriðja umhverfismatið sem unnið er fyrir Sundabraut, það fyrsta var gert 1997-98 (Arnpór Garðarsson 1998 o.fl.) og annað matið var gert 2006 (Jóhann Óli Hilmarsson 2006a, Ágúst H. Bjarnason 2006 o.fl.). Leirur, árósar og grunnsævi hafa mikla þýðingu fyrir fugla og því var megináherslan lögð á slík svæði á áhrifasvæði Sundabrautar. Engar námur né aðfærsluleiðir efnis voru skoðaðar.

Ragnhildur Gunnarsdóttir og Aron Geir Eggertsson voru tengiliðir Eflu og Helga Jóna Jónasdóttir tengiliður Vegagerðarinnar. Britta Steger teiknaði vistgerðakort. Yfirlestur var í höndum Ólafs Karls Nielsen. Við þökkum þeim samstarfið.

## 2 Rannsóknarsvæði

Rannsóknarsvæðinu var skipt upp í nokkra hluta vegna legu og lífríkis og til hægðarauka við útvinnu og úrvinnslu. Fuglatalningarsvæði voru þessi (1. mynd):

1. Sundahöfn – Gufuneshöfði (stundum nefnt Kleppsvík).
2. Eiðsvík og Eiðið.
3. Geldinganes – Gunnunes.<sup>1</sup>
4. Nesvík (milli Gunnuness og Víðiness). Tjörn við Álfsnes (eina tjörnin á athugunarsvæðinu sem eitthvað kveður að).
5. Kollafjörður ytri.
6. Kollafjörður innri.

---

<sup>1</sup> Sundið milli Geldinganes og Gunnuness er nafnlaust.

Auk þess voru fuglar taldir tvisvar í Blikastaðakró og Leiruvogi (1. mynd), en um þau svæði var annars stuðst við eldri gögn. Kollafjörður innanverður hefur ekki verið talinn reglulega fyrr. Það er vitað að talsvert fuglalíf finnst þar og því var ákveðið að telja Kollafjörð allan, vegna þess að brúargerð yfir fjörðinn utanverðan getur haft áhrif á leirur og grunnsævi í honum öllum og því er hann á áhrifasvæði Sundabrautar.



**1. mynd.** Talningarsvæðin á fjöllum og grunnsævi á Sundabrautarsvæðinu. Rauðar línur afmarka talningarsvæðin. Bláir punktar sýna helstu talningarstaði og bláar línur talningaleiðir í Leiruvogi og Blikastaðakró. Mynd af Borgarvefsjá.

### 3 Aðferðir

#### 3.1. Fuglar

##### Fjöru- og sjófuglar

Reglulegar talningar voru gerðar á fjöru- og sjávarsvæðum frá 21. mars til 28. nóvember 2023, alls 20 sinnum, og ein aukatalning var í lok desember. Talningarstaðir sjást á 1. mynd. Jafnframt var talið tvisvar í Leiruvogi og Blikastaðakró. Talið var með fjarsjám (25-55x82 og 30-70x95) og handsjónaukum (10x42), einn eða tveir menn töldu. Talið var á eða sem næst fjöru. Víðast var talið úr bíl. Spendýr sem sáust voru jafnframt talin.

### Varpfuglar

Mófuglar í varpi voru taldir tvisvar á sniðum meðfram veglínunni (2. og 3. mynd). Ástæðan fyrir tveimur heimsóknum, frekar en einni, var að ná yfir lengri hluta varptímans og fá sem ítarlegasta mynd af varpfuglum, þéttleika og tegundasamsetningu. Sumar tegundir voru virkari í fyrri heimsókninni en aðrar í þeirri síðari. Hærra gildi niðurstaðna mælisniðs fyrir hverja tegund var notað til að reikna út þéttleika varpfugla. Rjúpa, kjói, brandugla, vaðfuglar og spörfuglar teljast til mófugla. Gengin var fyrirfram ákveðin sniðlína og allir fuglar sem sáust voru skráðir og fjarlægð þeirra frá sniðlínu mæld. Tveggja belta aðferð Bibby o.fl. (1992) var síðan notuð til að reikna út þéttleika. Jafnframt voru aðrir fuglar skráðir, sem sáust meðan dvalið var á svæðinu og skráð hvort þeir væru varplegir eður ei. Talið var síðdegis dagana 30. maí og 24. júní 2023.

### Vetrarfuglar

Ákveðið var að styðjast við vetrarfuglatalningar Náttúrufræðistofnunnar, fremur en telja yfir háveturinn. Þó var talið fram að áramótum, m.a. vegna þess að svæðaskipting vetrarfuglatalninganna er önnur og víðari heldur en talningar okkar. Rýnt var í talningar síðustu 6 ára, 2018–2023, þó eldri talningar hafi einnig verið skoðaðar (Náttúrufræðistofnun Íslands 2024). Talningarsvæðin sem spanna athugunarsvæði okkar eru þessi:

**021 Grafarvogur – Geldinganes:** Grafarvogur ásamt Grafarlæk – Gufunes - Geldinganesiði

**022 Geldinganes - Varmá,** Mosfellssveit (oftast að Þjóðvegi)

**052 Kollafjörður:** Gunnunes – norðurströnd Álfsness, Kollafjörður að Saltvík. Einnig Mógilsá, fiskeldi og nágrenni.

## 3.2. Gróður og vistgerðir

Við gerð vistgerðakorta var eftirfarandi aðferðum beitt:

- Stuðst var við vistgerðakort Náttúrufræðistofnunnar og sama flokkun og mat verndargildis notuð og þar (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016). Ekki var hægt að notast við vistgerðakort stofnunarinnar eingöngu þar sem skráning var oft á tíðum röng.
- Svæðið var heimsótt sérstaklega til að ákveða vistgerðir á landi 14. september 2023 og til að kanna fjöruvistgerðir 17. sept. 2023? Auk þess voru gerðar athuganir meðfram fuglatalningum allt sumarið.
- Drónamyndir voru teknar á nokkrum stöðum, t.d. í Gunnunesi og Nesvík, Eiðsvík og víðar. Einnig voru myndir teknar af jörðu niðri.
- Loftmynd Borgarvefsjár var nýtt, m.a. sem grunnur að uppkasti að kortinu, hún var tekin 17. júlí 2023 (Borgarvefsjá 2024).

Gróðurathuganir sem ákveðið var að bæta við sumarið 2024 voru að mestu framkvæmdar í 8 heimsóknum frá 3. júlí til 13. ágúst. Helstu svæði voru heimsótt (að mestu eins og hlutar I-IV í matsáætlun (Efla 2023), nema norðanverður Kollafjörður var athugaður sér og Gunnunes og Álfsnes í sitthvorum lagi). Plöntulistar voru gerðir, leitað að háplöntum (æðplöntum) á valista eða friðlýstum og nokkrir þekjurammar voru teknir (stuðst við Braun-Blanquet aðferðina, Kemp 2014). Einnig voru þörungar skráðir í Eiðsvík og í Nesvík. Gögnin voru borin saman við fyrirbyggjandi gögn, aðallega Ágúst H. Bjarnason 2006, Jóhann Óla Hilmarsson & Ólaf Einarsson 2009, Agnar Ingólfsson 1991 og Agnar Ingólfsson & Maríu Björk Steinarsdóttir 1999 (þörungar), einnig Kristbjörn Egilsson o.fl. 1985 o.fl. Vistgerðakort voru uppfærð samfara þessari vinnu.

### 3.3. Eldri athuganir

Þetta mun vera þriðja umhverfismatið sem gert er fyrir Sundabraut, en auk þess hafa ýmiss konar athuganir og rannsóknir aðrar verið gerðar á afmörkuðum hlutum vegarstæðisins.

Fyrsti höfundur þessarar skýrslu vann skrifaði um *Fuglalíf á áhrifasvæði annars áfanga Sundabrautar* árið 2006 (Jóhann Óli Hilmarsson 2006) og áfangaskýrslu um *Fuglalíf við Gufunes* (2004). Hann var jafnframt annar höfunda að skýrslu um *Fugla og gróður í Álfsnesi* (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2009). Sömu höfundar (2016) gerðu samantekt á *fuglalífi í Elliða- og Grafarvogum*. Af öðrum helstu gögnum má nefna skýrslu Arnþórs Garðarssonar (1998) um *fuglatalningar í Leiruvogi*, grein Arnþórs og Ólafs Karls Nielsen (1989) um *fugla í Grafarvogi*. Náttúrufræðistofnun sendi frá sér tvö rit sem ná yfir athugunarsvæðið og fjalla um náttúrufar þess (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1985 og 1999). Stuðst var við rit um *Útbreiðslu varpfugla á SV-landi* (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 1994). Loks má nefna óbirt talningargögn frá árunum 2013–14 úr Grafarvogi frá Ólafi K. Nielsen og Ólafi Einarssyni, sem höfundar fengu aðgang að.

## 4 Skipting og sérkenni talningarsvæðanna

### 4.1. Sjór og fjara

Eins og nefnt var hér að framan (kaflí 2) var talningarsvæðinu skipt í 7 hluta, sjá 1. mynd. Hér verður fjallað um hvern hluta, en vistgerðum og gróðri er lýst nánar í sérkafla.

#### 1. Sundahöfn – Gufuneshöfði

Sundið milli Sundahafnar og Gufuneshöfða, þar sem áætlað er að byggja brú eða grafa göng. Talið var frá Gufuneshöfða yfir til Sundahafnar (1. mynd). Brú á þessum stað gæti haft áhrif á fugla í Elliðavogi og Grafarvogi og verður því fjallað um vogana undir þessu svæði. Áhrif mannsins eru mikil þarna, nema helst á sundinu sjálfu og ysti hluti Gufuneshöfða hefur að mestu sloppið, ef frá er talinn göngustígur með fjörunni. Svæðið sem var talið var um 34 ha.

## **2. Eiðsvík og svæðið austan Eiðis**

Fjara og grunnsævi beggja vegna Eiðis. Áætlað er að leggja veginn á uppfyllingu yfir Eiðsvík. Talið var frá Eiði og sést afmörkun talningarsvæðisins á 1. mynd.

Talningarsvæðið var um 30 ha. Þetta svæði er lítt raskað nema vegur liggur eftir Eiðinu og þar hafa kajakræðarar athvarf sitt. Sömuleiðis eru göngustígar nærri.

Veginum var lokað vorið 2010 vegna slæmrar umgengni í Geldinganesi, þar sem Eiðið tekur land í nésinu.

## **3. Geldinganes – Gunnunes**

Grunnsævi milli Geldinganess og Gunnuness. Parna er áætluð brú og uppfylling milli Réttarness í Geldinganesi og Gunnuness. Talið var frá Gunnunesi (1. mynd). Þetta svæði er óraskað. Svæðið sem var talið er um 35 ha.

## **4. Nesvík**

Vík milli Gunnuness og Víðiness, hluti af leirusvæði Leiruvogs. Talið var frá slóða sem liggur frá Víðinesi umhverfis norðan og vestanverða víkina í Gunnunes (1. mynd).

Þetta svæði er óraskað, ef frá er talinn umræddur slóði og svo hefur lúpína breiðst mjög út uppaf fjörunni. Talið var á um 25 ha svæði. Víkin er hluti af friðlandi Leiruvogs (1. og 28. mynd), en vegna þess hversu nálægt hún er vegstæðinu, svo og til að fá ítarlega mynd af notkun fugla á leirum á athugunarsvæðinu, var hún talin reglulega.

## **5. Tjörn við Álfsnes**

Tjörn nefnist tjörn skammt suður af Álfsnesbænum. Hún er þekkt fyrir ríkulegt fuglalíf (Jóhann Óli Hilmarsson 2006, Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2009) og er þetta eina tjörnin á athugunarsvæðinu, sem eitthvað kveður að (1. mynd).

Tjörnin ásamt bökkum er um 2,6 ha. Ytri leið um Kollafjörð er ætlað að liggja mjög nærri tjörninni og því þótti full ástæða til að vakta hana. Upphaflega var ætlunin að tveir valkostir fyrir legu Sundabrautar yfir Kollafjörð yrðu til skoðunar, innri og ytri leið, en þeirri ytri var ætlað að liggja nærri tjörninni. Því þótti ástæða til að vakta hana. Við frekari þróun framkvæmdarinnar hefur þó verið ákveðið að Sundabraut muni liggja samkvæmt innri leið, en engu að síður er fjallað um niðurstöður rannsókna á og við Tjörn í þessari skýrslu.

Tveir vegir eru við tjörnina sunnanverða, annar nýr vegur til athafnasvæðis Björgunar við Þerneyjarsund. Afrennsli af sorphaugunum rennur í tjörnina og veldur það nokkurri ofauðgun. Að öðru leyti er hún óröskuð, vatnsborðssveiflur eru sennilega af náttúrulegum orsökum.

## **6. Kollafjörður, ytri hluti**


Kollafjörður innan línu frá ysta hluta Höfða að sunnan, að Sjálfkvíum að norðan og utan línu frá innanverðum Afstapa að sunnan að uppfyllingu við Leiðvöll að norðan. Talið var á þremur stöðum að norðanverðu (1. mynd). Þetta svæði er allt óraskað, ef fyrrnefnd uppfylling er undanskilin. Ákveðið hefur verið að brúa Kollafjörð samkvæmt svokallaðri innri leið, með uppfyllingu og brú sem kynnt var í matsáætlun. Talningarsvæðið er um 120 ha.

## **7. Kollafjörður, innri hluti.**

Kollafjörður innan línu frá Leiðvelli og innanverðum Afstapa. Talið var frá uppfyllingunni og síðan innst við voginn norðanverðan, þar sem Mógilsá rennur til sjávar (1. mynd). Norðan megin og fyrir botni fjarðarins liggur Vesturlandsvegur víða á uppfyllingu útí veginum, en sunnanmegin er fjaran að mestu óröskuð. Þó innri hluti Kollafjarðar sé utan veglínunnar, töldum við nauðsynlegt að skoða notkun fugla á öllum veginum og sérstaklega á leirunni fyrir botni hans. Talningarsvæðið allt er um 105 ha og þar af er leiran um 24 ha.

### **4.2. Talningarsvæði á landi, snið**

Alls voru tekin 9 snið til að kanna útbreiðslu og þéttleika varpfugla, sbr. kafla 3.1. Vistgerðum er lýst nánar í kafla 5.1.1, hér verður leiðunum aðeins lýst lauslega. Snið 1, 2 og 3 voru á Gufunessvæðinu (2. mynd). Snið 1 var um norðurjaðar dalsins norðan Hamrahverfisins og sunnan Hamraflata, með jaðri skemmtigarðsins yfir á Gufunesveg. Snið 2 og 3 voru frá húsinu Dofra undir Gufuneshöfða og með jaðri moltusvæðis og um mýrlendi beggja vegna Gufunesvegur að suðurenda Eiðis. Snið 4 var í tvennu lagi um austurhluta Geldinganess (2. mynd). Snið 5 náði frá Selvík yst á Gunnunesi yfir Glóruholt í línu að veginum í athafnasvæði Björgunar (3. mynd). Snið 6 var í tvennu lagi um og með jaðri mýrar austan Tjarnar eða milli hennar og Sorphaugana. Snið 7 var yfir Brennumýri milli skotæfingasvæðis og afleggjarans að Álfsnesi (3. mynd). Snið 8 spannaði Háheiði NA sorphauganna (3. mynd), sem er að stórum hluta vaxið lúpínu. Loks var snið 9 tvær línur í votlendi og grasengjum uppaf Móavík (3. mynd).



**2. mynd.** Mófuglasnið á sunnanverðu athugunarsvæðinu, frá Gufuneshöfða í Geldinganes. Mynd af Google Earth.



**3. mynd.** Mófuglasnið á norðanverðu athugunarsvæðinu, frá Gunnunesi norður fyrir Kollafjörð. Mynd af Google Earth.

## 5 Niðurstöður

### 5.1 Gróður og vistgerðir

#### 5.1.1. Flóra og gróður

Flóra og gróður voru tekin út í júlí og ágúst 2024, jafnframt því sem stuðst var við eldri gögn. Þau voru helst athuganir Ágústs H. Bjarnasonar (2006) á flóru og gróðri á fyrirhuguðu vegarstæði 2. áfanga Sundabrautar árið 2006 og skýrsla Jóhanns Óla Hilmarssonar og Ólafs Einarsson (2009) um fugla og gróður í Álfnesi árið 2008. Jafnframt var stuðst við skýrslu Agnars Ingólfssonar (1991) um lífríki fjöru við Álfnes.



4. mynd. Gullkollur. Ljós. JÓH.

Á athugunarsvæðinu voru skráðar alls 227 tegundir háplantna (æðaplantna), þar með taldir slæðingar, sem voru ekki ófáir. Ágúst H. Bjarnason fann 150 tegundir 2006 og síðan bættust 14 tegundir við á Álfsnesi 2008. Við bættum því 63 tegundum við plöntulistann. Allir slæðingar sem voru skráðir voru sjálfsáðir og fundust á víðavangi.

Ein ný tegund fyrir landið fannst í skurðbakka í Álfsnesi, sefið *Juncus tenuis*. Ekkert íslenskt nafn var til á þessa tegund. Í samráði við Ágúst H. Bjarnason grasfræðing stingum við uppá að kalla hana götunál. Þar sem tegundin er ný fyrir landið, hefur hún ekki enn hlotið formlega verndarstöðu, en hún fer væntanlega á valista og verður friðlýst. Fundarstaðurinn er við punkt 14 á 3. mynd (64°11.200' N, 21°45.304' V).

Annars fundust engar tegundir skráðar á valista eða friðaðar í þessum athugunum (Náttúrufræðistofnun 2018a, Umhverfisstofnun 2021b), en vert er þó að geta tveggja tegunda sem eru bundnar við Suðvesturland, gullkoll og blóðkoll. Gullkollur fannst

víða, m.a. í Geldinganesi, meðan blóðkollurinn fannst í Nesvík og í Gunnunesi (4. mynd).

Í þekjureitunum sem voru teknir í Geldinganesi voru skráðar 5-12 tegundir háplantna eða 9,1 að meðaltali. Flestar tegundir voru í grasengjavist og lyngmóavist, 12 tegundir plantna, en fæstar í ramma teknum í malarstrandavist og svo sjávarkletta- og eyjavist. Hvannstóðið í fjöru á Geldinganesi var flokkað í sjávarkletta- og eyjavist, þar sem ætíðvönn kemur ekki fyrir í öðrum vistgerðum. Ætíðvönnin var með hæstu heildarþekjuna af háplöntum og lítið annað óx þar sem hún var ríkjandi. Baldursbrá var einnig með mikla þekju í malarstrandavist. Mosar og fléttur höfðu mikla þekju í sumum reitum, aðallega voru þetta hraungambri og hreindýrakraókar (Viðauki 2).

Í Leiruvogi vex fitjasef, sem er bæði friðað og á válista og var vaxtarsvæði þess friðlýst árið 1980, friðlandið í Varmárósum. Friðlýsingin var endurskoðuð 2021 og liggja vesturmörk þess að friðlandi Leiruvogs (28. mynd, Umhverfisstofnun 2021c). Marstör hefur og fundist í Leiruvogi, hún er fremur sjaldgæf, en ekki á válista (Kristbjörn Egilsson o.fl. 1985).

Ágúst H. Bjarnason (2006) fann 77 tegundir mosa og 25 tegundir flétta 2006. Við gerðum enga tilraun til að greina mosa og fléttur, fyrir utan hið algengasta. Við skoðuðum þörunga á nokkrum stöðum og fundum alls 24 tegundir. Ágúst fann 15 og Agnar Ingólfsson (1991) 35 tegundir. Auk þess voru skráðar tvær reknar þörungategundir og tvær fjörufléttur. Sjá þörungatal í Viðauka 3. Engin þessara lágplantna er á válista eða er sjaldgæf og þarfnast sérstakrar verndar. Aftur á móti eru nokkrar fjöruvistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi (5.1.1. og 8 kafli).

### 5.1.2 Vistgerðir

#### Vistgerðir eftir svæðum


Vísað er til 1. og 2. töflu varðandi heiti vistgerða sem fundust á athugunarsvæðinu, svo og verndargildi þeirra (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018b, Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016).

#### Gufunes

Fjaran við Gufuneshöfða er að hluta manngerð, uppfylling gerð fyrir göngu- og hjólastíg meðfram sjávarmáli. Víðast er mjó rönd af grjótfjöru sem telst vera klóþangsfjara. Á einum stað, neðan við húsið Dofra, er gróðursnauð sandfjara. Ofan hennar vex klapparþang á steinum (5. mynd og viðauki 5).

Landið í Gufunesi er meira og minna raskað og manngert, þó villtur gróður hafi víða tekið sér bólfestu þar. Á Gufuneshöfða skiptist á hraungambravist og lyngmóavist, en alaskalúpína vex á háhöfðanum og víðar á blettum. Norðan við Hamrahverfið er dálítill dalur, þar sem er talsvert votlendi með lítilli tjörn austast. Mýrin er starungsmýri. Í dalsmynninu, norðan og austan við Dofra, er língresis- og vingulsvist. Þar og í norðurhluta höfðans vex víða bláklukka, sem er annars er ein af einkennisjurtum Austurlands (5. mynd og viðauki 5).

Milli göngu- og hjólastígar sunnan við Skemmtigarðinn og Gufunesvegjar, er land mjög raskað og þar vaxa víða slæðingar og garðplöntur. Það má skilgreina þetta svæði sem mósaík af snarrótarvist, manngerðs lands og alaskalúpínu. Svæðið frá núverandi Gufunesvegi og að gamla Gufunesvegi (byggðinni í Jöfurhási) er sunnantil grasengjavist og norðantil er mýri sem er aðallega starungsmýri, með votti af gulstararflóa í skurðum og víðar (5. mynd og viðauki 5).



**5. mynd.** Vistgerðir á sunnanverðu athugunarsvæðinu, frá Gufuneshöfða að Geldinganesi með skýringum. Flokkun og litur flokka er sá sami og á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunnar. Skýringar á númerum vistgerða má finna í 1. og 2. Töflu. Stærri útgáfu kortsins má finna í viðauka 5. Kortagerð Britta Steger og Hildur Hauksdóttir.


Landið norðan gamla Gufunesvegjar er aðallega raskað land, en nyrst blanda af snarrótarvist og grasmóavist.

### Eiðsvík – Geldinganes

Fjaran í Eiðsvík er allfjölbreytt. Vestan Eiðis skiptast á líflitlar sandfjörur, klóþangsklungur, klóþangsfjörur, óflokkað þangklungur og mjó ræma af kræklingaleiru. Austan Eiðis gengur þangfjörutota suður úr Geldinganesi og milli hennar og Eiðis eru bæði sandmaðks- og skeraleirur. Mjó rönd vaxin sjávarfitjungi er þar fyrir ofan (sjávarfitjungsvist). Sunnar skiptast á líflitlar sandfjörur og

klóþangsfjörur. Á austurströnd Geldinganes, að Réttarnesi, er aðallega klóþangsfjörur að finna, kringum Réttarnes eru líflitlar sandfjörur en síðan taka við óflokkaðar þangfjörur (5. mynd og viðauki 5).

Vistgerðir í Geldinganesi skiptast í stórum dráttum í grasengjavistir á rakari svæðum, en hraungambraðavist, grasmóavist og lyngmóavist á þeim þurrari. Einnig fannst þar língresis- og vingulsvist (5. mynd og viðauki 5).



**6. mynd.** Vistgerðir á norðanverðu athugunarsvæðinu, frá Gunnunesi í Kjalarnes með skýringum. Flokkun og litur flokka er sá sami og á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunnar. Skýringar á númerum vistgerða má finna í 1. og 2. töflu. Ruslahaugunum var sleppt. Stærri útgáfa kortsins má finna í viðauka 5. Kortagerð Britta Steger og Hildur Hauksdóttir.

### Álfsnes (Gunnunes – Afstapi)

Helsta fjörusvæðið á sunnanverðu Álfsnesi er Nesvík, milli Gunnuness og Víðiness, sem er hluti af Leiruvogi. Meirihluti víkurinnar eru leirur, fyrir henni utanverðri er kræklingaleira og innar eru skera- og sandmaðksleirur. Innaf leirunni er víkin brydduð líflitlum sandfjörum og þangfjörum, bæði klóþangsfjörum og bólþangsfjörum. Lítils háttar sjávarfitjar má finna innst í víkinni (6., 8. og 9. mynd, viðauki 5).

Vistgerðir í Gunnunesi eru að mestu hraungambraðavist og mosamelavist með snarrótarvistar- og lúpínublettum. Syðst á nesinu er vel gróið land (snarrótarvist) og lítið votlendi (brokflóavist). Innar á nesinu, SV af athafnasvæði Björgunar, er grasengjavist ríkjandi og blettir með starungsmýravist. Á Glóruholti er

hraungambravist og mosamóavist ríkjandi, en stórar breiður eru af alaskalúpínu á austanverðu holtinu. Grasmóavist er við NA horn athafnasvæðis Björgunar (6. og 7. mynd, viðauki 5).



**7. mynd.** Ysti hluti Gunnuness. Vistgerðir eru að mestu hraungambrovist og mosamelavist með snarrótarvistar- og lúpínublettum. Einn lítill votlendisblettur er efst til vinstri. Ljós. JÓH 17. sept. 2023.

Sunnan við Tjörn er blanda af grasmóa- og snarrótarvist. Tjörnin sjálf telst til strandvatna. Austan við Tjörn er grasengjavist með gulstararflóablettum. Milli Álfssness og Tjarnar er grasengjavist með snarrótarfleckjum. Vistgerðir á sorphaugunum voru ekki skoðaðar, en ljóst er að vistgerðarkortlagning Náttúrufræðistofnunar er ekki rétt fyrir það svæði. Norðan við Álfssnesveg er grasmói með lyngmóa- og snarrótarblettum. Síðan tekur við mýrlendi, Brennumýri, en henni hefur verið umturnað og þar er nú rallykrossbraut. Norðan hennar tekur skotæfingasvæðið við. Þar er ríkjandi snarrótarvist, en lúpína hefur víða stungið sér niður. Við botn Djúpuvíkur og út á Afstapa er lyngmóavist með lúpínublettum ríkjandi (6. mynd og viðauki 5).

### **Kollafjörður**

Fjaran sunnan megin, frá Afstapa og útá Höfða er fremur grýtt, með sandfjörum og hnallungafjörum í víkurbotninum og þangfjörum útmeð að sunnan, í átt að Höfða. Norðan megin er margbreytileg fjörumósaik, klettafjörur (hrúðurkarlafjörur, hnallungafjörur, klóþangsfjörur) og líflitlar sandfjörur í bland.

Landið frá fjöru að þjóðvegi er að stórum hluta starungsmýri en grasengjavist og aðrar graslendisvistir með jöðrum. Um vestanvert svæðið eru snarrótarvist,

grasmóavist og lúpína ríkjandi (6. mynd og viðauki 5). Þessar vistir eru allar með hátt eða mjög hátt verndargildi nema lúpínan.



**8. mynd.** Innst í Nesvík eru líflitlar sandfjörur og þangfjörur, síðan taka við skera- og sandmaðksleirur. Fyrir minni vikurinnar er byrjað að flæða yfir kræklingaleirurnar, sem sjást nokkuð vel á myndinni. Ljós. JÓH 17. sept. 2023.



**9. mynd.** Kræklingaleirur í Nesvík 16. október 2023. Úlfarsfell fjær. Ljós. JÓH.


**1. tafla.** Vistgerðir sem fundust á Sundabrautarsvæðinu flokkaðar eftir vistlendi og verndargildi vistgerða samkvæmt vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunnar (2018b).

| <b>Land</b>                     | <b>Verndargildi</b>    |
|---------------------------------|------------------------|
| <i>Melar og sandlendi</i>       |                        |
| L1.3 Mosamelavist               | Lágt                   |
| <i>Moldir</i>                   |                        |
| L2.1 Moldavist                  | Lágt                   |
| <i>Moslendi</i>                 |                        |
| L5.2 Melagambravist             | Miðlungs               |
| L5.3 Hraungambravist            | Lágt                   |
| <i>Strandlendi</i>              |                        |
| L7.5 Sjávarfitjungsvist         | Hátt                   |
| <i>Mýrlendi</i>                 |                        |
| L8.9 Starungsmýravist           | Mjög hátt              |
| L8.14 Gulstararflóavist         | Mjög hátt              |
| <i>Graslendi</i>                |                        |
| L9.4 Snarrótarvist              | Hátt                   |
| L9.5 Grasengjavist              | Hátt                   |
| L9.6 Língresis- og vingulsvist  | Hátt                   |
| <i>Mólendi</i>                  |                        |
| L10.1 Mosamóavist               | Lágt                   |
| L10.4 Grasmóavist               | Hátt                   |
| L10.8 Lyngmóavist               | Miðlungs               |
| <i>Aðrar landgerðir</i>         |                        |
| L14.1 Þéttbýli og manngert land | Lágt                   |
| L14.4. Alaskalúpína             | Lágt                   |
| <b>Ferskvatn</b>                |                        |
| <i>Stöðuvötn</i>                |                        |
| V1.8 Strandvötn                 | Hátt                   |
| <b>Fjara</b>                    |                        |
| <i>Grýttar fjörur</i>           |                        |
| F1.1 Hróðurkarlafjörur          | Lágt                   |
| F1.2 Brimasamar hnallungafjörur | Lágt                   |
| F1.3 Þangfjörur, óflokkaðar     | Ræðst af undirvistgerð |
| F1.31 Klóþangsfjara             | Mjög hátt              |
| F1.35 Þangklungur               | Ræðst af undirvistgerð |
| F1.35.1 Klóþangsklungur         | Mjög hátt              |
| <i>Setfjörur</i>                |                        |
| F2.1 Líflitlar sandfjörur       | Lágt                   |
| F2.31 Sandmaðksleirur           | Hátt                   |
| F2.32 Kræklingaleirur           | Mjög hátt              |
| F2.33 Skeraleirur               | Mjög hátt              |

## 5.2 Fuglar

### 5.2.1 Fjörur og grunnsævi

Fuglalíf á **sundinu milli Sundahafnar og Gufuneshöfða** (mynni Elliða- og Grafarvoga, sjá 4.1) er fremur rýrt. Þar sást 27 tegundir í talningum 2023 og var æðarfugl algengastur, rétt um helmingur allra skráðra fugla (10. mynd). Hámarkspéttleiki fugla í einni athugun var 3,2 fuglar á hektara sjávar, meðalþéttleiki 1 fugl/ha. Skammt innan við talningarsvæðið hefur haldið til duggandarhópur undanfarin ár. Hann sást fyrst í vetrarfuglatalningu uppúr áramótum 2011/12 og hefur haldið sig þarna flesta vetur síðan, mest 38 fuglar. Fáeinar skúfendur eru stundum í hópnum.



10. mynd. Fuglar á sundinu milli Sundahafnar og Gufuneshöfða í talningum 2023.


**Leiran í Grafarvogi**, aðallega innan Gullinbrúar, er kunnur fuglastaður (11. mynd). Vogurinn er alþjóðlega mikilvægur viðkomustaður farfugla, einkum vaðfugla, svo sem rauðbrystings, sanderlu, lóupræls, heiðlóu, jaðrakans og fleiri tegunda. Svæðið er auk þess mikilvægur fæðuöflunarstaður fugla allt árið um kring. Nú er unnið að friðlýsingu vogsins (Umhverfisstofnun 2021, Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2016). Fuglalíf Grafarvogs hefur talsvert verið rannsakað (Arnbór Garðarsson & Ólafur Karl Nielsen 1989, Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2016, Ólafur Einarsson & Ólafur Karl Nielsen, óbirt), nánari upplýsingar um einstakar tegundir í veginum má sjá í fuglatali, viðauka 1.

Fuglalíf í **Eiðsvík** er fjölbreytt, þar er grunnsævi, leirur og þangfjörur. Það er talsvert háð sjávarföllum, hversu mikið sést þar af fuglum. Alls sást 34 tegundir í talningunum (12. mynd). Þétteleikinn var mestur 21 fugl/ha, að meðaltali 4,5 fuglar/ha. Æður sást í öllum talningum 2023 og tjaldur í öllum nema einni. Hettumáfur og stelkur sást í allflestum talningum. Talsvert sást af margæs, flestar 348 um vorið (20. apríl, 13. mynd) og á haustfarinu flestar 95, 17. sept. Henni hefur fjölgað síðan 2004, þegar flestar sást 186 um vorið. Æðarfugli hefur aftur á móti fækkað nokkuð frá þeirri talningu. Sömuleiðis sendlingi. Minna sást af hvítmáfi,

bjartmáfi og svartbaki nú en þá. Hlutfall sílamáfs og silfuramáfs hefur snúist við, eins og víðast hvar annars staðar á áhrifasvæði Sundabrautar, eins og getið er í fuglatali (Viðauka 1, Jóhann Óli Hilmarsson 2004). Fjara og grunnsævi austan Eiðis hafa verið friðlýst með Blikastaðakró og Leiruvogi (Umhverfisstofnun 2022, 28. mynd).



**11. mynd.** Grafarvogsleira nærri stórstraumsfjöru 25. mars 2024 kl. 13:02. Grafarlækur rennur í vögin neðst til hægri. Leiran er öll uppi nema næst Gullinbrú. Stærstur hluti leirunnar, vogurinn innanverður, hefur að mestu sloppið við mannshöndina. Utanvert eru uppfyllingar fyrir Gullinbrú, Bryggjuhverfið og fyrrum athafnasvæði Björgunar. Ljós. JÓH.




**12. mynd.** Heildartala fugla í talningum í Eiðsvík 2023.




**13. mynd.** Margæsir í Eiðsvík 20. apríl 2023. Þennan dag voru 348 margæsir í vikinni. Ljós. JÓH.

**Sundið milli Geldinganes og Gunnuness** er yst í friðlandinu í Leiruvogi (28. mynd). Þar sást 31 tegund í talningunum 2023. Æður var langalgengasti fuglinn, rétt tæp 60% allra talinna fugla. Silfurmafur var næstalgengastur (14% talinna fugla, 14. mynd). Aðrir algengir fuglar voru hávella, sendlingur, svartbakur og kría. Toppandarkolla með unga sást 15. ágúst og 16 lómar 25. maí. Sjá fuglatal (Viðauka 1). Hámarkspéttleiki fugla var 8,5 fuglar/ha sjávar, meðalþéttleiki 2,9 fuglar/ha. Skammt vestan við Gunnuness er Þerneyjarsund og Þerney. Þar er stærsta æðarvarp á svæðinu, 604 hreiður árið 1997 (Ólafur Einarsson 1997).




**14. mynd.** Niðurstöður talninga á sundinu milli Gunnuness og Geldinganes 2023, heildartala (blátt) og tala æðarfugls (rautt).




**15. mynd.** Heildarfjöldi fugla í Nesvík í talningum 2023.

**Nesvík** er einstök af þeim svæðum sem voru talin reglulega. Sérstaklega vegna mikillar umferðar vaðfugla, en einnig voru þar hópar af andfuglum og máfum. Spörfuglar voru og algengir umhverfis víkina. Alls sáust 42 tegundir fugla í vikinni. Meiri hluti Nesvíkur eru leirur, skera- og sandmaðksleirur í henni innanverðri, en breitt belti kræklingaleiru er í mynni vikurinnar (7. og 8. mynd). Þessar vistgerðir draga að sér fugla árið um kring. Á 15. mynd eru sýndar niðurstöður talninga í vikinni. Toppar eru á fartíma, minni um vorið, stærri síðsumars og um haustið. Flestir voru fuglarnir þann 16. október, um 2000, þar af um helmingurinn heiðlóur (15. mynd og 16. mynd). Langalgengustu vaðfuglarnir voru tjaldur og heiðlóa (16. og 19. mynd). Aðrir algengir fuglar voru æður, rauðbrystingur, sendlingur og stelkur (17. mynd). Einnig var margæs algeng um vorið (18. mynd). Hámarkspéttleiki voru 80 fuglar/ha, meðalpéttleiki voru 32 fuglar/ha.




**16. mynd.** Talningar á tjaldi (blátt) og heiðlóu (rautt) í Nesvík 2023.



**17. mynd.** Talningar á æðarfugli (blátt), rauðbrystingi (rautt), sendlingi (grænt) og stelki (fjólublátt) í Nesvík 2023.




**18. mynd.** Margæsir og tjaldar í Nesvík 20. apríl 2023. Þennan dag var 141 margæs í Nesvík. Ljósm. JÓH.



**19. mynd.** Heiðlóur, tjaldar o.fl. í Nesvík 1. nóvember 2023. Þennan dag voru 377 heiðlóur og 137 tjaldar í vikinni. Ljósm. JÓH.

Nesvíkin gefur sýn á umferð fugla um Leiruvog allan, en ekki þótti ástæða til að telja þar nema tvisvar til að fá samanburð við fyrri talningar. Vogurinn var vel vaktaður á árunum 1997, 1998 og 2006. Fuglalíf er mikið árið um kring, en fjöldinn er mestur á fartíma á vorin og haustin. Sjávarföll ráða miklu um dreifingu fugla við voginn. Á flóði safnast fuglarnir saman á sjávarfitjarnar við Varmárósa og á Leirvogstungu, til að sofa

og hvílast (Jóhann Óli Hilmarsson 2006b). Það kallast flóðsetur. Leiruvogur er mikilvægur fyrir fjölda fuglategunda, sérstaklega margæs, æðarfugl og ýmsar aðrar endur, tjald, sandlóu, heiðlóu, rauðbrysting, sendling, lóupræl, jaðrakan, stelk, tildru, hettumáf, stormmáf, sílamáf og svartbak. Æðarvarp og grágæsavarp er í Korpúlfsstaðahólma (Leirvogshólma). Æðarvarpið var nytjað fyrrum (Lárus Ágúst Gíslason 1982). Gorvík, vestast í Blikastaðakró, er þekkt selalátur (sjá 5.3.1). Sennilega er hvergi betra að skoða landseli í návígi á Innnesjum, en einmitt þar. Leiruvogur og Blikastaðakró hafa nú verið friðlýst vegna mikilvægis þeirra fyrir fuglalíf (Umhverfisstofnun 2022, 28. mynd).



**20. mynd.** Niðurstöður talninga á Tjörn við Álfsnes 2023.

Það voru helst andfuglar og máfar sem héldu til á **Tjörn við Álfsnes** og í minna mæli vaðfuglar. Alls sáust 32 tegundir í talningunum og voru miklar sveiflur í fjölda fugla á tjörninni, en þeim fór þó fjölgandi þegar líða tók á árið (20. mynd). Hámarksþéttleiki var 114 fuglar/ha, meðalþéttleiki 41 fugl/ha. Tjörnin er nýtt sem baðstaður og hvíldarstaður máfa sem sækja á sorphaugana. Grágæs, brandönd, rauðhöfðaönd, urtönd, stökkönd, skúfönd og æður voru allar með unga á tjörninni og álftrir komu með fleyga unga um haustið (22. og 23. mynd). Aðrar endur sem sáust á tjörninni voru grafönd og duggönd. Gargönd hefur og sést þar. Við fundum sárasjaldgæfan flækingsfugl við tjörnina 12. maí, hálegg, sem hafði aðeins sést tvisvar hérlandis fram að því (21. mynd).




**21. mynd.** Háleggur á flugi yfir Tjörn 12. maí 2023. Ljós. AMG.



**22. mynd.** Fjölskyldur milli brandandarpars og grágæsapars með unga á Tjörn 6. júní 2023. Brandandarparið er þarna með 8 unga, en 20. júní voru þeir allir horfnir. Ljós. AMG.




**23. mynd.** Skúfendur, brandendur, grágæsir og tjaldur við Tjörn 20. apríl 2023. Þessir fuglar verpa allir við tjörnina. Ljós. JÓH.



**24. mynd.** Niðurstöður talninga á ytri hluta Kollafjarðar 2023.

**Kollafjörður ytri** fóstrar fjölbreyttasta fuglalífið af þeim grunnsævissvæðum sem skoðuð voru. Fjöldi fugla var mjög sveiflukenndur og í engu samræmi við innri hluta fjarðarins (24. mynd). Mesti þéttleiki var 2,8 fuglar/ha sjávar og meðalþéttleiki 1,7 fuglar/ha. Alls sást 41 tegund í talningunum. Þar kennir ýmissa grasa og eru sjófuglar þar í fararbroddi. Æðurin er langalgengust, með 56% allra talinna fugla. Fýll er næstalgengastur og hvergi meira af honum á athugunarsvæðinu. Fýlavarpar er í Afstapa og við Djúpuvík og hefur verið lengi (Jóhann Óli Hilmarsson 2006, Jóhann Óli

Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2009). Þar hafa hrafnar og orpið. Áður var einnig varp í Höfða, ögn vestar, en það er nú horfið. Varpið við Djúpuvík misfórst að þessu sinni. Sjá nánar umfjöllun um fýl í fuglatali (viðauka 1). Aðrir algengir sjófuglar voru dílaskarfur, silfurmafur, svartbakur, lómur og margæs. Eini vetrardvalarstaður straumanda á athugunarsvæðinu er við Sjálfkvíar norðan fjarðar.



**25. mynd.** Niðurstöður talninga á innri hluta Kollafjarðar 2023.

Talningar á **Kollafirði innri** náðu bæði til leirunnar í botni fjarðarins, fjörunnar beggja vegna og grunnsævisins á firðinum. Alls sáust 45 tegundir í talningum.

Hámarksþéttleiki á öllu svæðinu, jafnt grunnsævi sem leirum, var 11 fuglar/ha, meðalþéttleiki 4,4 fuglar/ha. Leiran er vel nýtt á fartíma og eru toppar bæði á vorfari og svo minni á haustfari (25. mynd). Áður var algengasta tegundin, hún sást í öllum talningum og sömuleiðis tjaldur. Stökkönd og silfurmafur sáust í öllum nema einni. Um helmingur allra fugla í toppnum 25. maí voru rauðbrystingar (558). Stelkur (um vorið) og heiðlóa (um haustið) voru og algeng.

### 5.2.2 Fuglar á landi og niðurstöður mófuglatalninga

Varpfuglar voru taldir með hefðbundinni aðferð eins og lýst er í aðferðakafla. Alls voru gengin 9 snið og voru þau 9400 m að lengd (2. og 3. mynd), í tveimur ferðum, 30. maí og 24. júní. Niðurstöður eru sýndar í 3. töflu. Tekin var hærri tala úr hvorri talningu. Alls sáust 17 tegundir í talningunni.

**3. tafla.** Niðurstöður mófuglatalninga á öllum sniðum. Notuð var svokölluð tveggja belta aðferð (Bibby o.fl. 1992 bls. 72). Fuglar eru missýnilegir, t.d. vegna mismunandi stærðar og er sýnileikafall metið með línulegu líkani. Sniðinu er skipt niður í belti, allir fuglar með varpatferli innan 100 m til hvorrar handar frá sniðlínu eru teknir með í útreikningana.

| Snið nr.        |           | 1-9    |       |        |         |      |       |        |      |       |       |       |                     |                     |
|-----------------|-----------|--------|-------|--------|---------|------|-------|--------|------|-------|-------|-------|---------------------|---------------------|
| Lengd m.        |           | 9400   |       |        |         |      |       |        |      |       |       |       |                     |                     |
| 30.5.&24.6.23   |           | Fjöldi |       |        |         |      |       | Þéttl. |      |       |       |       |                     |                     |
| Belti:          | 0         | 1      | 2     | 3      | 4       | 5    | Samt. | 1      | 2    | 3     | 25    | 50    | 100                 |                     |
| Belti (m):      | Ekki varp | 0-25   | 26-50 | 51-100 | 101-200 | >200 |       | 0-25   | 0-50 | 0-100 | D25   | D50   | D100                |                     |
| Rjúpa           |           | 1      | 1     | 1      |         |      | 3     | 1      | 2    | 3     | 2.3   | 2.7   | 3.2                 |                     |
| Tjaldur         |           | 3      | 3     | 5      |         |      | 11    | 3      | 6    | 11    | 6.9   | 7.6   | 30.0                |                     |
| Heiðlóa         | 1         | 3      | 2     | 1      |         |      | 6     | 3      | 5    | 6     | 7.5   | 7.6   | 6.4                 |                     |
| Sandlóa         |           | 3      |       | 1      |         |      | 4     | 3      | 3    | 4     | 8.5   | 4.3   | 4.3                 |                     |
| Lóupræll        |           | 3      | 2     | 1      |         |      | 6     | 3      | 5    | 6     | 7.5   | 7.6   | 6.4                 |                     |
| Hrossagaukur    | 2         | 17     | 17    | 10     |         |      | 44    | 17     | 34   | 44    | 40.6  | 49.0  | 46.8                |                     |
| Spói            |           | 4      | 2     | 1      | 1       |      | 8     | 4      | 6    | 7     | 10.0  | 8.5   | 5.5                 |                     |
| Jaðrakan        |           | 3      | 2     | 1      |         |      | 6     | 3      | 5    | 6     | 7.5   | 7.6   | 6.4                 |                     |
| Stelkur         | 1         | 12     | 2     | 2      |         |      | 16    | 12     | 14   | 16    | 34.0  | 22.0  | 17.0                |                     |
| Brandugla       |           |        | 1     |        |         |      | 1     | 0      | 1    | 1     | 0.0   | 2.1   | 1.1                 |                     |
| Þúfutittlingur  | 3         | 20     | 17    | 5      |         |      | 42    | 20     | 37   | 42    | 49.4  | 58.5  | 44.7                |                     |
| Maríuerla       |           | 2      |       |        |         |      | 2     | 2      | 2    | 2     | 8.5   | 4.3   | 2.1                 |                     |
| Steindepill     |           | 1      | 3     | 2      |         |      | 6     | 1      | 4    | 6     | 2.2   | 5.4   | 6.4                 |                     |
| Skógarpröstur   |           | 8      | 12    | 8      |         |      | 28    | 8      | 20   | 28    | 18.4  | 27.7  | 29.8                |                     |
| Svartpröstur    |           |        | 1     |        | 1       |      | 2     | 0      | 1    | 1     | 0.0   | 1.2   | 0.6                 |                     |
| Stari           | 26        |        | 3     |        |         |      | 3     | 0      | 3    | 3     | 0.0   | 6.4   | 3.2                 |                     |
| Auðnutittlingur |           | 1      | 2     | 1      |         |      | 4     | 1      | 3    | 4     | 2.3   | 4.3   | 4.3                 |                     |
| Alls            |           | 81     | 70    | 39     | 2       | 0    | 192   | 81     | 151  | 190   | 195.8 | 219.7 | 183.4 <sup>1)</sup> |                     |
|                 |           |        |       |        |         |      |       |        |      |       |       | 201.0 | 219.7               | 383.2 <sup>2)</sup> |

1) Reiknaður þéttleiki. 2) Samanlagður þéttleiki

Algengustu varpfuglarnir voru hrossagaukur (47 pör/km<sup>2</sup>), þúfuttlingur (45 pör/km<sup>2</sup>), tjaldur (30 pör/km<sup>2</sup>), skógarpröstur (30 pör/km<sup>2</sup>) og stelkur (17 pör/km<sup>2</sup>), miðað við 100 m belti. Aðrir fuglar voru með færri en 7 pör/km<sup>2</sup>. Búsvæði voru mismunandi milli sniða og í viðauka 4 er sýndar niðurstöður eftir sniðum og helstu vistgerðir eða búsvæði tiltekin. Meðfram mófuglatalningu voru aðrir varpfuglar skráðir og þeir helstu voru grágæs, æður, kría og sílamáfur. Sjá nánar viðauka 1 og 8.



**26. mynd.** Landselir að leik í Gorvík 7. febrúar 2024. Ljós. JóH.

### 5.3. Önnur dýr

Öll villt spendýr, sem sást meðfram fuglaathugunum, voru skráð. Reyndar sást aðeins ein tegund, landselur, en önnur, hnúfubakur, sást í vetrartalningu á svæðinu Grafarvogur – Geldinganes. Reikna má þó með að nokkur önnur spendýr lifi á athugunarsvæðinu, þó þau hafi ekki fundist nú: refur, minkur, hagamús, húsamús og jafnvel brúnrotta. Engin merki né upplýsingar um smáhveli var að finna frá Sundunum.

#### 5.3.1 Spendýr

Stakir landselir sást á sundinu milli Geldinga- og Gunnuness, á báðum svæðum í Kollafirði (tveir saman þann 11. apríl) og í Blikastaðakró. Gorvík í Blikastaðakró er kunnur setstaður sela eða selalátur, eins og nefnt var hér að framan og sjást selir þar árið um kring. Það eru aðallega tvö sker í vikinni sem selirnir nota. Þeir geta skipt tugum, flesta sáum við þann 28. des. 2023, 48 seli. (26. mynd).



**27. mynd.** Risaskeri úr Kollafirði 24. maí 2019. Ljós. JÓH.

### 5.3.2 Risaskeri

Ekki er hægt að fjalla svo um náttúrufar á Sundum, án þess að þessi skepna sé nefnd. Þetta er stærsti (lengsti) hryggleysingi sem lifir við strendur landsins (að brennihveljunni frátalinni). Venjuleg lengd er um 30 cm, en hann getur orðið mun lengri. Risaskeri er liðormur, grænn að lit, sem grefur sig í blautan sand og leðju og lifir á þangi og örverum (27. mynd). Þeir fjölga sér eins og aðrir skerar, kvendýrin synda upp í sjónum og gefa frá sér lyktarhormón, það fær karlorminn til að gefa frá sér sæði og um leið verpur kvenormurinn eggjum. Dýrin synda því næst uppí fjöru til að deyja og eru gjarnan etin af máfum og öðrum sjófuglum. Risaskerinn finnst eingöngu við sunnanverðan Faxaflóa, frá Innnesjum og norður í Hvalfjörð og Akranes (Agnar Ingólfsson 1996, eigin ath.). Hann er lítt áberandi nema á æxlunartíma, í kringum nýtt tungl í síðari hluta maí. Þá geta vogar og víkur fyllst af risaskerum og mikil veisla er hjá fuglum (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2023). Höfundar hafa fundið þá m.a. í Eiðsvík, Blikastaðakró og Kollafirði á athugunarsvæðinu. Mjög hefur gengið á búsvæði hans um sunnanvert svæðið, t.d. fannst hann í Elliðavogi fyrir uppfyllinguna þar.

## 6 Verndarviðmið fugla

Tegundir sem þarfnast verndar eru flokkaðar þannig (María Harðardóttir o.fl. 2003):

- Tegundir á válista og sjaldgæfar tegundir
- Ábyrgðartegundir
- Tegundir mikilvægar á landsvísu
- Tegundir sem falla undir alþjóðlega samninga

Á íslenska válistanum er 41 tegund fugla. Þetta eru m.a. litlir stofnar, nýir landnemar og fuglar sem eru hér á útbreiðslumörkum (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018)<sup>2</sup>. Þótt tiltölulega fáar fuglategundir verpi hér á landi, er fjöldi einstaklinga oft mikill og af þeim sökum eru íslenskir fuglastofnar tíðum hátt hlutfall af Evrópu- eða heimsstofni viðkomandi tegundar. Í alþjóðlegum verndarviðmiðum eru slíkar tegundir nefndar **ábyrgðartegundir**. Ef miðað er við 30% lágmark af Evrópustofni, eru það að minnsta kosti 16 tegundir varpfugla, sem Íslendingar bera mikla ábyrgð á. Nokkrar tegundir fugla hafa viðdvöl á Íslandi á leið sinni til og frá norðlægum varpslóðum, en verpa ekki á landinu. Kallast þeir fargestir eða umferðarfuglar. Ísland er mikilvægur áningarstaður fyrir þessa norðlegu fugla og ábyrgð okkar því mikil á þessum stofnum. Þeir nýta viðkomustaði á Íslandi til hvíldar og til að safna orku fyrir áframhaldandi farflug og varp (4. tafla, María Harðardóttir o.fl. 2003, Náttúrufræðistofnun Íslands 2018c).

#### **Stöðluð válistaflokkun er þessi:**

EX = Útdauður (Extinct)

EW = Útdauður í náttúrunni (Extinct in the wild)

RE = Útdauður á Íslandi (Regionally extinct)

CR = Í bráðri hættu (Critically endangered)

EN = Í hættu (Endangered)

VU = Í nokkurri hættu (Vulnerable)

NT = Í yfirvofandi hættu (Near threatened)

DD = Gögn vantar (Data deficient)

LC = Í minnstri hættu (Least concern). Þessum flokki er sleppt í 4. töflu.

**Bernarsamningurinn** um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu var gerður í Bern í Sviss árið 1979 og öðlaðist gildi árið 1982. Aðild Íslands tók gildi þann 1. október 1993, Markmið samningsins er að stuðla að verndun evrópskra tegunda villtra plantna og dýra og lífsvæða þeirra, einkum þeirra tegunda og lífsvæða sem fjölþjóðlega samvinna þarf til að vernda. Markmið samningsins er ennfreður að hvetja til fjölþjóðlegrar samvinnu, þar sem hennar er þörf, til að vernda tegundir villtra plantna, dýra og lífsvæða. Samningnum fylgja fjórir viðaukar. Viðaukar I – III telja þær plöntur og þau dýr sem aðilum ber að vernda og ákvæði um verndun þeirra. Viðauki II fjallar um fugla. Viðauki IV fjallar um forboðinn veiðibúnað og veiðiaðferðir. Sérstök áhersla er lögð á friðun þeirra svæða sem eru mikilvæg fyrir þær fartegundir sem eru á skrá viðaukans (Umhverfisráðuneytið 2002). Bernarsamningurinn nær líka yfir visterðir (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016).

**4. tafla.** Skrá yfir alla fugla og eina selategund sem sáust í talningum 2023. Tíðni þeirra er skráð, sem og verndarviðmið og hvort um einlenda undirtegund sé að ræða. Eitthvað hefur sést af öðrum fuglum á athugunarsvæðinu, allt sjaldséðar tegundir, sem hafa lítið að segja fyrir heildarmyndina. Sjá nánari upplýsingar í fuglatali í viðauka 1.

---

<sup>2</sup> Þegar þetta er ritað, um miðjan maí 2025, er vinna við nýjan og uppfærðan válista langt komin hjá Náttúrufræðistofnun og upplýsingar hafa verið birtar um nokkrar tegundir.

|                | Tíðni     |            |              |               | Verndarviðmið |                 |                        |                 |
|----------------|-----------|------------|--------------|---------------|---------------|-----------------|------------------------|-----------------|
| Tegund         | Varp-fugl | Far-gestur | Sumar-gestur | Vetrar-gestur | Válisti       | Ábyrgðar-tegund | Bernarsamn. Viðauki II | Einlend undirt. |
| Álft           |           |            | x            | x             |               |                 | x                      |                 |
| Heiðagæs       |           | x          |              |               |               | x               |                        |                 |
| Grágæs         | xx        | ?          | xx           | xx            |               | x               |                        |                 |
| Margæs         |           | xxx        |              |               |               | x               |                        |                 |
| Brandönd       | xx        | xx         |              | xx            |               |                 |                        |                 |
| Rauðhöfðaönd   | x         |            | x            | xxx           |               |                 |                        |                 |
| Gargönd        |           | x          |              | x             | NT            |                 |                        |                 |
| Urtönd         | x         |            |              | xx            |               |                 |                        |                 |
| Stökkönd       | xx        |            | xx           | xxx           |               |                 |                        |                 |
| Grafönd        |           | x          |              |               | NT            |                 |                        |                 |
| Skúfönd        | x         | x          |              | x             |               |                 |                        |                 |
| Duggönd        |           | x          |              | x             | EN            |                 |                        |                 |
| Æðarfugl       | xxx       |            | xxx          | xxx           | VU            | x               |                        | x               |
| Æðarkóngur     |           |            |              | x             |               |                 |                        |                 |
| Straumönd      |           |            |              | xx            |               | x               | x                      |                 |
| Hávella        |           |            | x            | xx            | NT            |                 |                        |                 |
| Toppönd        | x         |            | x            | xx            |               |                 |                        |                 |
| Gulönd         |           |            |              | x             | VU            |                 |                        |                 |
| Rjúpa          | x         |            |              | x             | NT            |                 |                        | x               |
| Lómur          |           |            | x            | xx            |               |                 |                        |                 |
| Himbrimi       |           |            | x            | x             | VU            | x               | x                      |                 |
| Flórgoði       |           |            |              | x             |               |                 | x                      |                 |
| Fýll           | xx        |            | xx           | x             | EN            | x               |                        |                 |
| Dílaskarfur    |           |            | x            | xx            |               |                 |                        |                 |
| Toppskarfur    |           |            |              | x             | VU            |                 |                        |                 |
| Gráhegri       |           |            |              | x             |               |                 |                        |                 |
| Haförn         |           |            |              | x             | EN            |                 | x                      |                 |
| Smyrill        |           |            |              | x             |               |                 |                        | x               |
| Fálki          |           |            |              | x             | VU            | x               | x                      |                 |
| Háleggur       |           |            | x            |               |               |                 |                        |                 |
| Tjaldur        | xx        | xxx        | xx           | xxx           | VU            |                 |                        |                 |
| Sandlóa        | x         | xx         |              |               |               | x               |                        | x               |
| Heiðlóa        | x         | xxx        | x            |               |               | x               |                        |                 |
| Gulllóa        |           | x          |              |               |               |                 |                        |                 |
| Rauðbrystingur |           | xxx        |              |               |               | x               |                        |                 |
| Sanderla       |           | xx         |              |               |               | x               |                        |                 |
| Sendlingur     |           | xx         |              | xx            | EN            | x               | x                      | x               |
| Lóupræll       | x         | xx         |              |               |               | x               |                        | x               |
| Hrossagaukur   | xx        |            |              | x             |               |                 |                        | x               |
| Jaðrakan       | x         | xx         |              |               |               | x               | x                      | x               |
| Spói           | x         | x          |              |               |               | x               |                        | x               |
| Fjöruspói      |           |            | x            | x             | CR            |                 |                        |                 |

|                 | Tíðni     |            |              |               | Verndarviðmið |                 |                        |                 |
|-----------------|-----------|------------|--------------|---------------|---------------|-----------------|------------------------|-----------------|
| Tegund          | Varp-fugl | Far-gestur | Sumar-gestur | Vetrar-gestur | Válisti       | Ábyrgðar-tegund | Bernarsamn. Viðauki II | Einlend undirt. |
| Stelkur         | xx        | xxx        |              | xx            | NT            | x               |                        | x               |
| Tildra          |           | xx         | x            | xx            |               | x               |                        |                 |
| Óðinshani       |           | x          | x            |               | DD            |                 |                        |                 |
| Kjóí            |           |            | x            |               | EN            |                 |                        |                 |
| Hettumáfur      |           |            | xx           | xx            |               |                 |                        |                 |
| Stormmáfur      | x         |            | xx           | xx            |               |                 |                        |                 |
| Sílamáfur       | x         |            | xx           |               | DD            |                 |                        |                 |
| Silfurmáfur     | x         |            | xx           | xx            | NT            |                 |                        |                 |
| Bjartmáfur      |           |            |              | xx            |               |                 |                        |                 |
| Hvítmáfur       |           |            | x            | xx            | EN            |                 |                        |                 |
| Svartbakur      |           |            | xx           | xxx           | EN            |                 |                        |                 |
| Rita            |           |            | x            |               | VU            |                 |                        |                 |
| Kría            | x         |            | xx           |               | VU            | x               |                        |                 |
| Langvía         |           |            | x            | x             | VU            | x               |                        |                 |
| Álka            |           |            | x            | x             | NT            | x               |                        |                 |
| Teista          | x         |            | x            | x             | EN            | x               |                        | x               |
| Lundi           |           |            | x            |               | CR            | x               |                        |                 |
| Brandugla       | x         |            |              |               | NT            |                 | x                      |                 |
| Púfutittlingur  | xx        | xx         | xx           |               |               |                 | x                      |                 |
| Maríuerla       | x         | x          | x            |               |               |                 |                        |                 |
| Steindepill     | x         | x          |              |               |               |                 |                        | x               |
| Svartþröstur    | x         |            |              | x             |               |                 |                        |                 |
| Skógarþröstur   | xx        | xx         |              | x             |               | x               |                        | x               |
| Hrafn           | x         |            | xx           | xxx           | VU            |                 |                        | x               |
| Stari           | x         |            |              | xxx           |               |                 |                        |                 |
| Auðnutittlingur | x         |            |              | xx            |               |                 |                        |                 |
| Snjótittlingur  |           |            |              | xx            |               |                 | x                      | x               |
|                 |           |            |              |               |               |                 |                        |                 |
| Landselur       |           |            | xx           | xx            | EN            |                 |                        |                 |

Skýringar:

x Sjaldgæfur, fáeinir fuglar sjást, stundum óreglulega.

xx Algengur, oft nokkrir tugir. Sjást reglulega.

xxx Mjög algengur, oft nokkur hundruð. Sjást í flestum athugunum á tímabilinu.

## 7 Friðlýsingar, svæði á náttúruminjaskrá og mikilvæg fuglasvæði

Fyrir skömmu eða á degi íslenskrar náttúru þann 16. september 2022, voru Blikastaðakró og Leiruvogur friðlýst sem friðland (Umhverfisstofnun 2022). Á 28. mynd sjást mörk friðlandsins og jafnframt friðlandsins við Varmárósa, sem var friðlýst 1980 og friðlýsing endurskoðuð 2021 (Umhverfisstofnun 2021b).

Hugað var að legu Sundabrautar þegar mörk friðlandsins voru ákveðin að vestanverðu, þau liggja að væntanlegu framkvæmdasvæði.

Unnið er að friðlýsingu Grafarvogs innan Gullnibrúar og voru áform um friðlýsingu auglýst 2021 (Umhverfisstofnun 2021a). Grafarvogur og Elliðavogur eru á B-hluta Náttúruuminjaskrár (Náttúrufræðistofnun Íslands 2020). Þegar gengið hefur verið frá þeirri friðlýsingu, hafa helstu óröskuðu fjörusvæði og mikilvægustu fuglasvæði á norðanverðum Innnesjum verið friðuð, að undanskildum Kollafirði. Leiruvogur og Blikastaðakró eru mikilvæg fuglasvæði (IBA) samkvæmt skrá Alþjóða fuglaverndarsamtakanna, *BirdLife International*, sem og Grafarvogur og Elliðavogur út undir Gufuneshöfða og Kjalarnes skammt utan við fyrirhugað vegstæði (29. og 30. mynd, Náttúrufræðistofnun 2018b, Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2016).



**28. mynd.** Friðlýsing Leiruvogar og Blikastaðakróar. Jafnframt sést friðlandið við Varmárósa. Af vef Umhverfisstofnunnar.



**29. mynd.** Leiruvogur 16. september 2023. Næst eru Nesvík og Víðines t.v. Ljósm. JÓH.



**30. mynd.** Hestamenn þeysa út Leiruvog á stórstreymi 20. apríl 2023. Næst eru margæsir og tjaldar á kræklingaleirunni, fjær æðarfuglar á voginum. Ljósm. JÓH.

## 8 Umræða

### 8.1. Vistgerðir

Gróðurfar á athugunarsvæðinu hefur víðast hvar tekið töluverðum breytingum vegna umsvifa mannsins. Votlendi hefur t.d. minnkað og það verið ræst fram. Lúpína hefur breiðst út og þekur nú víða stór svæði. Vistgerðir á landi á áhrifasvæði Sundabrautar eru flestar með fremur lágt verndargildi og eru algengar á landsvísu. Þó má finna votlendisvistgerðir með mjög hátt verndargildi á nokkrum stöðum, eins og undir Gufuneshöfða að norðanverðu, skammt austan við Gufunes, í Gunnunesi og norðan Kollafjarðar. Nokkrar graslendisvistgerðir eru með hátt verndargildi, sem og ein mólendisvistgerð (1. tafla).

Fjörurnar á áhrifasvæði Sundabrautar eru flestar með hátt eða mjög hátt verndargildi. Fjörinni við Gufuneshöfða hefur verið raskað, en ræma með klóþangsfjöru (mjög hátt verndargildi) hefur myndast meðfram göngustíg, sem lagður var fyrir höfðann. Í Eiðsvík má bæði finna klóþangsklungur og klóþangsfjörur, með mjög hátt verndargildi, þær fjöruvistgerðir eru jafnframt að hluta til á austanverðu Geldinganesi. Austan Eiðis eru sandmaðksleirur með hátt verndargildi og skeraleirur, með mjög hátt verndargildi.

Nesvíkin, eins og reyndar allur Leiruvogurinn, er með mjög hátt verndargildi. Í utanverðri vikinni er breið ræma af kræklingaleiru, sem kemur ekki fram á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunnar (2018b). Reyndar eru engar kræklingaleirur sýndar í Leiruvogi á kortinu. Þessi ræma er mjög eftirsótt af fuglum. Innar í vikinni skiptast á skera- og sandmaðksleirur, með óglögg skil. Við suðvesturströnd Gunnuness, þar sem veginum er ætlað að koma í land, eru klóþangsfjörur með mjög hátt verndargildi.

Við sunnanverðan Kollafjörð eru óflokkaðar þangfjörur þar sem verndargildið ræðst af undirvistgerð, þangfjörugerðinni, sem var ekki könnuð. En þarna má finna brimasamar hnallungafjörur og líflitlar sandfjörur, hvorar tveggja með lágt verndargildi. Norðan fjarðarins er mósaík af mörgum fjöruvistgerðum með mishátt verndargildi: hrúðurkarlafjörur (lágt), brimasamar hnallungafjörur (lágt), líflitlar sandfjörur (lágt) og klóþangsfjörur (mjög hátt). Það er erfitt að aðskilja þessar fjörugerðir á korti svo vel fari.

Tjörn við Álfsnes er strandvatn með hátt verndargildi.

### 8.2. Flóra og gróður

Það er í raun litlu við að bæta umfram það sem kemur fram í niðurstöðum og vistgerðakaflanum. Þar eru nefndar nokkrar sjaldgæfar plöntur, vaxtarsvæði þeirra mun skerðast sem nemur veginum og raski við vegagerðina: götunál, gullkollur, blóðkollur og heigulstör. Götunál hefur ekki fundist hér fyrr, nema af höfundum við gróðurathuganir við Holtsós undir Eyjafjöllum sumarið 2024 (Jóhann Óli Hilmarsson o.fl. 2024). Pawel Wasowicz, sérfræðingur á Náttúrufræðistofnun og Ágúst H. Bjarnason, grasafræðingur, staðfestu greininguna. Gullkollur er mjög svæðisbundinn

hér á landi og er mjög sjaldgæfur á landsvísu. Útbreiðsla hans er bundin við suðvesturhluta landsins, frá Ölfusárósum og upp í Hvalfjörð og einn stað á Austurlandi. Hann vex einkum í sendnum og malarbornum jarðvegi, enda með niturbindandi gerla á rótum (Hörður Kristinsson o.fl. 2018). Að líkindum veldur röskun á búsvæðum því, að útbreiðsla hans styrkist. Blóðkollur er tegund, sem hefur mjög takmarkaða útbreiðslu hér á landi. Hann vex í graslendi í Geldinganesi, í Gunnunesi og við Nesvík. Einnig má geta heigulstarar, sem vex víða á sendnum sjávarbökkum með ströndum landsins. Þó að þessir bakkar séu hvorki áberandi né gróskumiklir, eins og nyrst á Álfsnesi, bera þeir ótvírætt sín sérkenni og mikil eftirsjá í, ef þeir eru eyðilagðir (Ágúst H. Bjarnason 2006). Engin planta á válista eða friðlýst fannst. Agnar Ingólfsson & María Björk Steinarsdóttir (1999) segja um rannsóknir sínar á fjörunni í Leiruvogi, milli Geldinganness og Gunnuness: „Engar tegundir sjaldgæfra eða óvæntra tegunda stórvaxinna þörungna eða fjörudýra fundust við þessa úttekt.“ Þetta kemur heim og saman við athuganir okkar á fjörugróðri. Sjá þó umfjöllun um fjöruvistgerðir hér á undan.

### 8.3. Dýralíf

#### 8.3.1 Almennt um fugla

Alls fundust 69 tegundir fugla í athugunum okkar 2023 og er það töluverður fjöldi, sem styður það sem þegar er komið fram, að fuglalíf á áhrifasvæði Sundabrautar sé mjög fjölbreytt. Ef okkar talningar eru bornar saman við fyrri talningar, frá 1997-98 og 2006, sést að sumum tegundum hefur fjölgað, aðrar standa í stað og sumum hefur fækkað (sjá m.a. viðauka 1, fuglatal). Af fuglum sem hefur fjölgað má nefna margæs, brandönd, sanderlu, jaðrakan og silfurmaf. Tjaldi og rauðbrystingi gæti einnig hafa fjölgað. Af fuglum sem hefur fækkað má nefna sandlóu, lóuþræl, hettumáf, stormmáf og sílamáf. Einstökum tegundum eru gerð skil í viðauka 1. Ekki verður reynt að rekja hér, hvað geti valdið þessum sveiflum, þær geta bæði stafað af staðbundnum breytingum, en ekki síst af völdum stofnsveiflna í stærra samhengi. Sýnilegar breytingar á búsvæðum hafa ekki verið teljandi á þessu tímabili.

Innri hluti Kollfjarðar var nú talinn reglulega í fyrsta skipti. Algengasti fuglinn var æðarfugl. Þar var talsverð umferð vaðfugla, aðallega tjalds en einnig heiðlóu, rauðbrystings, stelks og tildru. Nokkuð var um margæsir um vorið. Kollafjörður er utan veglínu Sundabrautar, en á áhrifasvæði hennar, eins og Grafarvogur, og þarf að hafa það í huga þegar brýr og uppfyllingar verða hannaðar yfir Kollafjörð og þar verður að tryggja full vatnaskipti. Jafnframt þarf að huga sérstaklega að Tjörn við Álfsnes, leggja þarf veginn fjarri tjörninni og að hlífa mýrinni austan hennar.

#### 8.3.2 Fuglar á leirum

Ríkulegt fuglalíf í Eiðsvík, Blikastaðakró, Leiruvogi og Kollafirði byggist á því, að þar eru leirur, þar sem mikið framboð er á fæðu fyrir fuglana. Leirur myndast á skjólsælum stöðum, þar sem fíngert set, að nokkru af lífrænum uppruna, safnast saman. Hinn lífræni hluti setsins samanstendur m.a. af leifum plantna, sem berast bæði af landi og grunnsævi. Á yfirborði leirunnar vaxa þörungar og sums staðar háplöntur. Í efri lögum leirunnar og á yfirborði hennar er yfirleitt mikið og

fjölskrúðugt smádýralíf, sem nærast á rotnandi lífrænum leifum og gerlum, en einnig á þörungum. Smádýrin eru fæða ýmissa fugla þegar lágsjávað er, en fiska um flóð. Þau tilheyra einkum fylkingum liðorma, liðdýra og lindýra (Arnþór Garðarsson & Ólafur Karl Nielsen 1989).

Vegna þess að leirur eru safnsvæði, sem safna bæði af landi og sjó, geta breytingar á strandlínu, dýpi, lífrænni framleiðslu og straumakerfi á nálægum land- og hafsvæðum, haft áhrif lífríki leirunnar. Leiran er mest áberandi á stórstraumsfjöru, en hún hverfur alveg á flóði (Arnþór Garðarsson 1998).

Stærstu leirusvæði landsins eru við Faxaflóa og Breiðafjörð, en þessi landgæði og búsvæði eru takmörkuð á landsvísu. Leirur og fjörur á Innnesjum (höfuðborgarsvæðinu) hafa mjög átt undir högg að sækja síðustu áratugi. Öllum fjörum frá Gufunesi og útá Seltjarnarneshefur verið raskað eða þær eyðilagðar með uppfyllingum, að frátöldum innanverðum Grafarvogi og litlum hluta Laugarness. Friðlýsing Leiruvogar, Blikastaðakróar, svo og Grafarvogs í nágrenni framtíð, eru stór skref í átt að verndun þessa mikilvæga lífríkis. Rétt rúmur helmingur (53%) allra leira á Innnesjum, frá Hafnarfirði í Kollafjörð, eru á áhrifasvæði Sundabrautar (5. tafla)

**5. tafla.** Yfirlit yfir leirur á Innnesjum og stærð þeirra í hekturum. Taflan er uppfærð úr grein Arnþórs Garðarssonar og Ólafs Karls Nielsen (1989) um fuglalíf á tveimur leirum við Reykjavík. Nöfn leira á áhrifasvæði Sundabrautar eru feitletruð. Uppfyllingar í utanverðum Fossvogi hafa sennilega ekki haft áhrif á flatarmál leira þar. Minni leirum, eins og Leirum í Bakkavík, var sleppt.

| Leira                              | Áður (ha) | Nú (ha) | Meðferð/eyðilegging    |
|------------------------------------|-----------|---------|------------------------|
| Hvaleyrarlón                       | 10        | 6       | Uppfylling og dýpkun   |
| Skógtjörn                          | 20        | 20      |                        |
| Bessastaðatjörn                    | 40        | 0       | Stífluð, nú ferskvatn. |
| Lambhúsatjörn                      | 70        | 70      |                        |
| Arnarnesvogur                      | 12        | 8       | Uppfylling             |
| Kópavogur                          | 21        | 21      |                        |
| Fossvogur                          | 7         | 7       |                        |
| Bakkatjörn                         | 10        | 0       | Stífluð, nú ferskvatn. |
| <b>Elliðavogur</b>                 | 30        | 2       | Uppfylling             |
| <b>Grafarvogur</b>                 | 30        | 30      |                        |
| <b>Gufunesvík</b>                  | 10        | 0       | Uppfylling             |
| <b>Eiðsvík-Blikastaðakró</b>       | 25        | 25      |                        |
| <b>Leiruvogur</b>                  | 70        | 70      |                        |
| <b>Kollafjörður</b>                | 24        | 24      |                        |
| <b>Alls</b>                        | 379       | 283     |                        |
| <b>Sundabrautarsvæði</b>           | 189       | 151     |                        |
| <b>Hlutfall af leirum Innnesja</b> | 50%       | 53%     |                        |

### 8.3.3 Annað dýralíf

Landselur var eina spendýrið sem við urðum varir við og kom fram í talningum. Hann er hvergi algengur nema á þekktum setstað eða látri í Gorvík í Blikastaðakró. Selir þurfa að komast óhindrað á þennan stað. Risaskerinn hefur sérstöðu meðal hryggleysingja. Hans er hvergi getið í þeim heimildum um fjörulíf, sem við skoðuðum (Agnar Ingólfsson 1991, Agnar Ingólfsson & María Björk Steinarsdóttir 1999, Jörundur Svavarsson 2000, 2007, 2025 o.fl.). Sérstaklega þarf að huga að vernd beggja þessara tegunda og búsvæða þeirra. Frekari rannsókna er þörf á útbreiðslu og lífsferli risaskera.

### 8.4. Áhrif framkvæmda

Vegagerð, brúargerð og uppfyllingar hafa mismikil áhrif á hinum ýmsu stöðum og jafnframt mismunandi áhrif, annars vegar á verktíma og hins vegar eftir að verki er lokið. Hér verður reynt að meta þessi áhrif og svæðinu skipt niður í fjóra hluta. Þessi skrif miðast við brýr, ekki göng. **Það má strax gefa sér að áhrif á verktíma, með öllu því raski sem vegagerð fylgir, hafi meiri áhrif heldur en áhrif á rekstrartíma.** Einnig verður að ítreka, að engar leiðir efnisflutninga eða efnisnámur voru skoðaðar þó svo að slíkt tengist framkvæmd með beinum hætti (6. tafla).

Fylgt verður sömu skiptingu milli svæða og í matsáætlun:

- Hluti I: Laugarnes – Gufunes.
- Hluti II: Gufunes – Geldinganes.
- Hluti III: Geldinganes – Álfsnes.
- Hluti IV: Álfsnes – Kjalarnes (innri leið).

**6. tafla.** Mat á áhrifum Sundabrautar á lífríki á framkvæmdatíma og eftir að framkvæmdum líkur.

| <b>Framkvæmdatími, umhverfisáhrif</b> | <b>Hluti I</b> | <b>Hluti II</b> | <b>Hluti III</b> | <b>Hluti IV</b> |
|---------------------------------------|----------------|-----------------|------------------|-----------------|
| Óveruleg áhrif                        |                |                 |                  |                 |
| Nokkuð neikvæð áhrif                  |                |                 |                  |                 |
| Talsverð neikvæð áhrif                | x              |                 |                  | x               |
| Verulega neikvæð áhrif                |                | x               | x                |                 |
| Óvissa um áhrif                       |                |                 |                  |                 |
|                                       |                |                 |                  |                 |
| <b>Rekstrartími, umhverfisáhrif</b>   |                |                 |                  |                 |
| Óveruleg áhrif                        |                |                 |                  |                 |
| Nokkuð neikvæð áhrif                  | x              |                 |                  | x               |
| Talsverð neikvæð áhrif                |                | x               | x                |                 |
| Verulega neikvæð áhrif                |                |                 |                  |                 |
| Óvissa um áhrif                       |                |                 |                  |                 |
| Óveruleg áhrif                        |                |                 |                  |                 |

#### 8.4.1. Hluti I

Það sem skoðað var af hluta I var sundið milli Sundahafnar og Gufuneshöfða (1 á 1. mynd) og síðan áfram sunnan og austan við byggðina í Gufunesi (syðsti og austasta veglínan á mynd 3.1. í matsáætlun (Efla 2023)), sjá 5.1.1. og 5.2.1. Ekkert var skoðað vestan sundsins, enda er þar eingöngu byggð.

Fuglalíf á sjálfu sundinu er fremur rýrt. Áhrifa brúargerðar og uppfyllinga gæti helst orðið á umferð fugla sem eru að sækja á leirurnar í Grafarvogi til fæðuöflunar, sérstaklega vaðfugla. Fuglar sækja jafnframt inni í Elliðavog en það er í minna mæli. Vaðfuglar sækja á Grafarvogsleiru á fjöru til að eta, en fara oftast annað í flóðsetur á flóði. Talsvert er af æðarfuglum á sundinu. Þar má finna einn fátta duggandarhópa sem hefur vetursetu á landinu. Þetta er einn af þremur duggandarhópum sem vitað er um á sjó hér á landi á veturna, auk tveggja sem venjulega eru á ferskvatni (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2016, Náttúrufræðistofnun Íslands 2024).

Áhrif brúargerðar á þessa andfugla á rekstrartíma er þó ekki talin vera mikil, hún rænir þá hlutfallslega ekki miklu meira fæðusvæði, en þegar er raunin með uppfyllingum allt um kring. Það er helst á framkvæmdatíma, þá gruggast upp botninn og það eru verri skilyrði til fæðuöflunar fyrir æður og aðra andfugla, auk truflunar af vinnuvélum og tækjum við brúargerð. Brúargerð og uppfylling milli Sundahafnar og Gufuneshöfða ætti ekki að hafa mikil áhrif á Grafarvogi eða ekki meiri en Gullinbrú hefur nú. Brúarhaf þarf þó að vera nægilega langt til að tryggja eðlileg vatnsskipti. Þarna eru þó taldar líkur á göngum.

Reikna má með að fuglar fljúgi bæði undir og yfir brýr. Við hönnun brúar verður að hafa það í huga og því er mælt gegn miklu víravirki og möstrum, eins og fram kemur í kaflanum hér á eftir (8.5.).

Þeir bútar af Hluta I sem eru á landi eru meira og minna manngerðir og raskaðir. Þar er þó nokkuð fuglalíf (Viðauki 5), m.a. grágæsavarp (Viðauki 1). Hvað verður um þessar gæsir við vegagerðina er erfitt að geta sér til um. Ef til vill finna þær sér aðra staði til varps, ef þeir eru ekki fullsetnir. Ekki er ástæða til fjölyrða meira um þessa búta, en vísað á kafla 5.1.1. Fyrst og fremst ber að reyna að vernda þá fáu mýrabletti sem finnast á svæðinu norðan við Hamrahverfið og við Gufunesveginn.

#### 8.4.2. Hluti II

Vegur yfir Eiðsvík og Geldinganes. Gert er ráð fyrir stuttri brú í miðri vikinni. Þetta svæði var allt skoðað (5.4.4., 5.2.1. og 1. mynd, sjá mynd 3.4 í matsáætlun).

Fuglalíf í Eiðsvík er fjölbreytt beggja vegna Eiðis, en austan þess tekur við friðlandið í Blikastaðakró og Leiruvogi. Uppfyllingar og brú mun skerða fjöru og grunnsævi í vikinni. Búast má við að röskun á framkvæmdatíma hafi truflandi áhrif á fuglalífið, sem hugsanlega jafnar sig þegar framkvæmdum lýkur. Brúarhaf þarf að tryggja fallaskipti í vikinni og hindra setflutninga, en það er ekki um mikið magn af sjó að ræða og straumhraði lítill og því dugar væntanlega stutt brú (sjá Vatnaskil 2025a). Straumlíkan frá Vatnaskilum lá ekki fyrir þegar þetta er ritað, en reikna má með

einhverjum sandburði með straumi undir fyrirhugaða brú. Fjöruvistgerðir í víkinni hafa hátt verndargildi.

Fuglalíf á landi í Geldinganesi var með því mesta sem fannst á athugunarsvæðinu, þrátt fyrir talsverða umferð manna og hunda um nesið. Meðal varpfugla voru rjúpa, jaðrakan og kría. Þar var eina kríuvarpið á athugunarsvæðinu. Grasengjavist var ríkjandi í Geldinganesi og töluvert var af um snarrótarvist og grasmóavist og er verndargildi beggja hátt. Aðrar vistgerðir eru sjaldgæfari og með lægra verndargildi. Reikna má með mikilli röskun á framkvæmdatíma á þessu svæði, fyrir utan sjálfan veginn í gegnum nesið er talað um tvenn gatnamót. Þeir fugla sem eiga þar bústað missa sitt undir veg og þær vistgerðir glatast.

#### 8.4.3. Hluti III

Vegur milli Geldinganes og Gunnuness (brú og uppfyllingar), sem og vegur eftir Gunnunesi að sorphaugunum í Álfsnesi (1. mynd, 5.1.1 og 5.2.1., sjá mynd 3.5. í matsáætlun).

Þetta er langviðkvæmasti hluti leiðarinnar, vegna mikilvægis Leiruvogs fyrir fugla og mikilvægra vistgerða. Vogurinn og Blikastaðakró eru friðlýst vegna fuglalífsins en þarna hafa þúsundir fugla viðkomu. Þetta eru andfuglar, vaðfuglar, máfar o.fl. Öll röskun og miklar breytingar á grunnástandi svæðisins geta haft áhrif á alla þessa fuglahópa. Ferðir fugla til og frá svæðinu eru ekki þekktar.

Aðstæður í Leiruvogi minna að sumu leyti á Borgarfjörð, sem var brúaður fyrir um 45 árum, 520 m löng brúin var opnuð í september 1981. Innarlega í Borgarfirðinum eru víða leirur. Þar voru gerðar rannsóknir á fjörulífi og kornastærð sets í leirum áður en framkvæmdir hófust (1973, sem JÓH tók þátt í) og síðan aftur 2010 (Hrafnhildur Tryggvadóttir 2011). Niðurstöður voru í stuttu máli þær að gerð Borgarfjarðarbrúar hafi „leitt til minni tegundafjölbreytni í fjörulífi, bæði ofan og neðan við brú og breytingum á kornastærð. Almennt er minni tegundafjölbreytileiki í firðinum, margar hafrænar tegundir eru horfnar en lítils háttar innkoma landrænna tegunda. Þéttleiki er minni en hlutdeild einkennistegundarinnar *Nereis diversicolor* [leiruskeri] er meiri. Fleiri stöðvar eru alveg lífvana og kornastærðin er grófari á öllum svæðum, meiri sandur er í fjörum ofan við brú en áður og sandur berst ekki lengur jafn langt niður fyrir brú. Heildarlífþyngd hefur minnkað um helming. Ferskvatnsáhrif eru meiri í firðinum og hann því orðinn minna ísaltur en áður.“ Miklir, líflausir sandflákar hafa myndast innan brúar og sjást vel á fjöru. Engar fuglaathuganir eru til frá því fyrir brú, en mjög ítarlegar athuganir frá 2017 (sjá m.a. Tierney & Tierney 2020). Samanburður við aðra staði sem hafa verið brúaðir er hæginn. Gilsfjörður var stíflaður og leirur þar eyðilagðar. Aðstæður eru aðrar í Önundarfirði og Dýrafirði, en þar virðist samsetning tegunda og fjöldi fugla vera svipaður og var fyrir brúun fjarðanna (Böðvar Þórisson & Þorleifur Eiríksson 2008). Þorskafjörður er vaktaður, en of stutt liðið frá því að vegurinn yfir hann var lagður, til að hann sé samanburðarhæfur.

Eins og fram kemur í kaflanum hér á eftir þarf að vanda mjög til verka við alla hönnun vegarins á þessu svæði, svo draga megi úr áhrifum hans sem mest. Erfitt er að segja nákvæmlega til um hugsanleg áhrif á fuglalífið, vegna þess að hönnun brúa

og uppfyllinga liggur ekki fyrir. Sérfræðingar Vatnaskila (2025a, b) hafa metið áhrif mismunandi lengdar brúar á hafstrauma, öldufar, vatnsgæði og setflutninga í Leiruvogi og Blikastaðakró. Þeir skoðuðu þrjú brúarhöf, 120, 160 og 200 metra löng. Öll rök hníga að því að því lengra sem brúarhafið er, þeim mun minni verða umhverfisáhrifin og er nú unnið með 200 m brú.

Ýmislegt bendir til að áhrifin verði svipuð og í Borgarfirði, sem sé að líflítill sandur muni safnast upp á leirunum og draga úr lífsgæðum botndýralífs og þá jafnframt fuglalífs. Munurinn á Borgarfirði og Leiruvogi er þó sá, að jökulsá með talsverðum framburði rennur í Borgarfjörð, en aðeins litlar ferskvatnsár með takmörkuðum framburði í Leiruvog (Hvíta á móti Leirvogsá og Köldukvísl/Varmá). Niðurstöður Vatnaskila (2025b) var sú, að þeim mun lengri sem brúin er, því mun minni framburður verður.

Nánar er rætt um hönnun brúa í kaflanum hér á eftir (8.5.). Sérstaklega þarf að huga að leirunni á framkvæmdatíma. Við teljum að eitthvað skorti uppá athuganir á fínu og flóru fjöru og grunnsævis; eins og bent hefur verið á er hvergi minnst á risaskera í þeim gögnum sem við skoðuðum, þó útbreiðslusvæði hans hérlandis sé frá Innnesjum og kringum Kjalarnes og inní Hvalfjörð og uppá Akranes. Þar hefur víða verið gengið á búsvæði hans með uppfyllingum.

Lítið er um viðkvæmar vistgerðir með hátt verndargildi í Gunnunesi, að fjörunum frátöldum. Nesvík er utan við veglínuna og ætti undir engum kringumstæðum að raska henni. Tjörn við Álfnesbæinn hefur mikilvægu hlutverki að gegna fyrir fuglalíf og þarf að huga að því við hönnun vegarins. Austan hennar er mýri með starungsmýravist og gulstaraflóavist, báðar með mjög hátt verndargildi. Í Brennumýri eru einnig mýravistgerðir með hátt verndargildi. En eins og veglínan er sýnd í matsáætlun ætti Tjörn og mýrin austan við hana að sleppa við rask og áhrifin því að vera óveruleg.

#### 8.4.4. Hluti IV

Upphaflega voru tvær veglínur til skoðunar frá Álfnesi yfir Kollafjörð á Kjalarnes, ytri og innri leið. Síðan varð innri leiðin fyrir valinu og verður eingöngu fjallað um hana hér (sjá mynd 3.6. í matsáætlun, einnig kafla 5.1.1. og 5.2.1.).

Hér er gert ráð fyrir uppfyllingum og brú. Í skýrslunni er fjallað um innri kostinn og er lögð áhersla á að hlífa klettunum og fýlavarpinu í Djúpuvík og Afstapa. Áhrifin þar gætu orðið umtalsverð..

Enn er lögð áhersla á, að við hönnun brúar og uppfyllinga, að brúarhaf tryggi fallaskipti og vönduð vinnubrögð verði viðhöfð á verktíma, að allt rask sé í lágmarki og sérstaklega á varptíma. Þegar framkvæmdum líkur ætti vegurinn ekki að hafa mikil áhrif á sjófugla á sjálfum firðinum, þar sem mest er um æðarfugl.

Áhrifa gæti helst gætt á fuglalíf á leirum í innanverðum firðinum, þar sem allt að 1200 fuglar fundust á vorfari 2023. Annars vegar hætta á breyttum setflutningum eins og í Leiruvogi, en ekki eru taldar miklar líkur á að brú og uppfylling hafi mikil

áhrif innst í firðinum (Vatnaskil 2025 a og b). Ekki er vitað hvort framkvæmdir munu hafa áhrif á risaskera og ekki er vitað hvaðan þau dýr koma, sem fyllt hafa fjörðinn á vorin.

Áflugshætta gæti verið töluverð, ef byggð verður brú með turnum og stögum. Það á eins við hér og í Grafarvogi og Leiruvogi, flugleiðir fugla til og frá leirunum eru ekki þekktar, en gera má ráð fyrir að flestir fuglar fljúgi yfir sjó og með fjörum þegar þeir sækja á fæðusvæðin. Því er mælt gegn miklum og háum brúm með víravirkjum til að forðast áflug.

Vistgerðir eru af ýmsum gerðum og sumar með hátt verndargildi. Á það bæði við um fjöruvistgerðir og vistgerðir á landi. Sums staðar norðan fjarðar má finna starungsmýravist með mjög hátt verndargildi og grasengjavist, með hátt verndargildi (5. mynd og Viðauki 3).

### 8.5. Brúargerð, mótvægisáðgerðir

Vanda þarf til verka við hönnun brúa og uppfyllinga. Forðast ætti há möstur og mikil stög og víravirki til að forðast áflug eins og fyrr var getið. Einnig hefur lýsing á brúarmöstrum og stögum talsvert að segja. Eyrarsundsbrúin er með fjórum 204 m háum möstrum og miklum stögum. Þar hafði lýsing mikið að segja fyrir áflug, fuglar flugu miklu frekar á vírana í slæmu skyggni þegar möstrin voru upplýst. Nú er dregið niður í ljósunum þegar skyggnið fer undir 200 m og hefur það dregið mikið úr áflugi fugla á brúna (Bridge – Design & engineering 2009, DOF 2022).

Einnig þarf að huga rækilega að lengd brúarhafa og óhindruðum fallaskiptum. Leirur þurfa hægt flæði, sem flæðir jafnt yfir þær, forðast þarf iðustreymi eða hringiðu, eins og stundum myndast kringum brýr. Gullinbrú í Grafarvogi er mjög stutt og seinkar hún fallaskiptum, en enn sem komið er virðist hún ekki hafa haft slæm áhrif á leiruna. Lífríkið og áhrif brúar hefur þó lítið verið rannsakað, fyrir utan fugla (Arnpór Garðarsson & Ólafur Karl Nielsen 1989, Ólafur Einarsson & Ólafur Karl Nielsen, óbirt).

Á veglínunni um Kollafjörð þarf að hlífa klettunum í Djúpuvík og Afstapa. Talsverð fýlavarp er í klettunum og hrafn hefur orpið þar. Norðan fjarðar eru það helst straumendur sem hafa vetursetu við kletta við Sjálfkvíar, sem gætu orðið fyrir truflun. Þó ættu þeir að sleppa.

Aðrar mótvægisáðgerðir gætu m.a. falist í endurheimt votlendis. Vegagerðin hefur á undanfórnum árum endurheimt votlendi til mótvægis við það votlendi, sem hefur farið forgörðum við vegagerð. Í landi Reykjavíkur og víðar á Innnesjum er talsvert um raskað votlendi, sem má endurheimta, þar má nefna t.d. framræstar mýrar á vatnasviði Úlfarsár og við Víðines. Ramsar-samningurinn skilgreinir fjörur og grunnsævi að 6 m dýpi, sem votlendi, því mætti einnig huga að endurheimt fjörusvæða. Endurheimt fjara og grunnsævis, sem hefur verið spilt, hefur ekkert verið stunduð hérlandis. Þó ekki þurfi að leita langt til að finna leirur og fjörur sem hafa verið skemmdar og þar sem uppfyllingar hafa lítinn sem engan tilgang.

## 8.6. Vöktun

Mælt er með vöktun fuglalífs á öllum stigum framkvæmdanna. Talsverðar upplýsingar eru til um fuglalífið eins og það er nú á áhrifasvæði Sundabrautar. Með því að fylgjast reglulega með fuglalífi á ákveðnu svæði, er hægt að sjá breytingar, sem kunna að verða á lífríkinu, bæði langtímabreytingar og sveiflur, sem verða á skemmri tíma. Fuglar eru góður mælikvarði á líffræðilega fjölbreytni og ástand lífríkisins í heild sinni, vegna þess hve þeir eru áberandi og auðteljanlegir. Mögulega er hægt að grípa inni, ef athuganir á fuglum sýna fram á hnignun og neikvæðar breytingar. Því er mælt með að vandlega verði fylgst með fuglalífi á áhrifasvæði Sundabrautar, bæði fyrir, á meðan og eftir að framkvæmdum lýkur.

Vöktunaráætlun er birt í Viðauka 9.

## 9 Lokaorð

Það er ljóst að lífríki á athafnasvæði Sundabrautar er bæði ríkulegt og viðkvæmt, sérstaklega fjörur og grunnsævi, sem fósra lítt sýnilegt smádýralíf. Það laðar síðan að sér stóra hópa fugla af ýmsum tegundum. Öll umgerð og hönnun Sundabrautar þarf að taka tillit til lífríkisins.

Áhrif á lífríkið verða væntanlega þessi, en erfitt er að fullyrða mikið þar sem hönnun vega, brúa og uppfyllinga liggur ekki fyrir, heldur ekki tengivegir eða efnisaðföng og námur:

1. Hönnun öll, sérstaklega brúa og uppfyllinga, þarf að taka mið af því að hafa sem minnst áhrif á vistkerfi og lífríki.
2. Áhrif á framkvæmdatíma. Svo stór framkvæmd kallar á stór tæki og mikið risk á búsvæðum. Nauðsynlegt er að hafa náið samráð við sérfræðinga á öllum stigum, til að reyna að koma í veg fyrir óþarfa risk og hugsanleg umhverfisslys.
3. Áhrif á rekstartíma fara að sjálfsögðu mikið til eftir hönnuninni. Helstu áhrif eru eyðilegging búsvæða sem fara undir veglínu og brúarstæði, setflutningar vegna þrenginga um brúarhöf, áflugshætta, svo ekki sé talað um truflun og mengun vegna umferðar um brautina.

Ríkulegt dýralíf hefur þróast á svæðinu í aldanna rás. Fuglar sækja mjög mikið þangað og sérstaklega á leirur og grunnsævi. Það er sótt að þessum búsvæðum um land allt með framkvæmdum. Stór hluti leira og grunnsævis á framkvæmdasvæðinu hefur verið friðlýstur vegna ríkulegs lífríkis eða unnið er að friðlýsingu. Það má telja víst, að eyðilegging búsvæða fækki einstaklingum, svæði eru fullnýtt og fuglar fara ekki bara eitthvað annað, eins og alltof oft heyrir sagt.

Jarðgöng undir sund, voga, víkur og firði hafa minni umhverfisáhrif en vegir, uppfyllingar og brýr á yfirborðinu. Þessi skýrsla gerir ráð fyrir að seinni kosturinn verði valinn, vegir á yfirborði, nema milli Gelgjutanga og Gufuneshöfða.

## 10 Heimildir

Agnar Ingólfsson 1991. *Athuganir á lífríki fjöru við Álfnes*. Líffræðistofnun Háskólans, fjölrit nr. 31, 36 bls.

Agnar Ingólfsson 1996. *The distribution of intertidal macrofauna on the coasts of Iceland in relation to temperature*. Sarsia 81:29-44.

Agnar Ingólfsson 1999. *Lífríki í leirum í Leiruvogi og við Blikastaði*. Unnið fyrir verkefnisstórn Sundabrautar. Líffræðistofnun Háskólans, fjölrit nr. 51, 45 bls.

Agnar Ingólfsson & María Björk Steinarsdóttir 1999. *Lífríki í grýttum fjörum milli Geldinganness og Gunnuness*. Líffræðistofnun Háskólans, fjölrit nr. 50, 53 bls.

Arnbór Garðarsson 1998. *Fuglatalningar í Leiruvogi*. Líffræðistofnun Háskólans, skýrsla, 36 bls.

Arnbór Garðarsson & Ólafur Karl Nielsen 1989. *Fuglalíf á tveimur leirum við Reykjavík*. I. Vaðfuglar. Náttúrufræðingurinn 59(2): 59-84.

Ágúst H. Bjarnason 2006. *Flóra og gróður á fyrirhuguðu vegarstæði 2. áfanga Sundabrautar*. Vistfræðistofan, Reykjavík, 24 bls.

Bibby, C.J., N.D. Burgess & D.A. Hill. 1992. *Bird Census Techniques*. Academic Press, London, 258 pp.

Borgarvefsjá 2024. <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/> (sótt 12.02.2024).

Bridge – Design & engineering 2009. <https://www.bridgeweb.com/A-wing-and-a-prayer/1834> (sótt 08.02.2024). Böðvar Þórisson & Þorleifur Eiríksson 2008. *Dýralíf í Önundarfirði og Dýrafirði – Fuglar*. Áfangaskýrsla 5. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr.19–08, 12 bls.

Dansk Ornitologisk Forening (DOF) 2022. *Øresundsbroen dæmper lyset for at redde trækfugle fra at flyve i døden*. [https://www.dof.dk/om-dof/nyheder?nyhed\\_id=2109](https://www.dof.dk/om-dof/nyheder?nyhed_id=2109) (sótt 7.2.2024).

eBird 2024. *eBird: An online database of bird distribution and abundance* [web application]. eBird, Cornell Lab of Ornithology, Ithaca, New York. Available: <http://www.ebird.org> (sótt 28.03.2024).

Efla 2023. *Sundabraut, matsáætlun*. Efla, verkfræðistofa, 64 bls. + viðaukar.

Hrafnhildur Tryggvadóttir 2011. *Áhrif Borgarfjarðarbrúar á lífríki og kornastærð í Borgarfjarðarfjörum*. Landbúnaðarháskóli Íslands, Umhverfiseild. BS ritgerð, 35 bls.

Hörður Kristinsson, Jón Baldur Hliðberg & Þóra Ellen Þórhallsdóttir 2018. *Flóra Íslands. Blómplöntur og byrkningar*. Vaka – Helgafell, 744 bls.

Jóhann Óli Hilmarsson 2004. *Fuglalíf við Gufunes*. Áfangaskýrsla. Rannsóknir unnar fyrir Verkfræðistofu Reykjavíkur, 13 bls.

Jóhann Óli Hilmarsson 2006a. *Fuglar á áhrifasvæði annars áfanga Sundabrautar*. Unnið fyrir Vegagerðina, 40 bls.

Jóhann Óli Hilmarsson 2006b. *Fuglar á fyrirhuguðu vegarstæði milli Leirvogstungu og Skeiðholts, Mosfellsbæ*. Unnið fyrir Landmótun og Mosfellsbæ, 18 bls.

Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2009. *Fuglar og gróður í Álfsnesi*. Skýrsla, unnin fyrir Sorpu, 24 bls.

Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2016. *Fuglalíf í Elliðavogi og Grafarvogi. Skýrsla vegna fyrirhugaðra uppþyllinga*. Unnin fyrir Reykjavíkurborg, 53 bls.

Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2023. *Fjörulíf*. <https://fjorulif.is/> (sótt 26.1.2024).

Jóhann Óli Hilmarsson, Ólafur Einarsson & Björn Hjaltason 2024. *Gróður og fuglar á og við Holtsós undir Eyjafjöllum*. Unnið fyrir Eflu, verkfræðistofu og Steinar Resort ehf. Tringa ehf., skýrsla 25 bls.

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir & María Harðardóttir (ritstj.) 2016. *Vistgerðir á Íslandi*. Fjölrit Náttúrufræðistofnunnar nr. 54, 299 bls.

Jörundur Svavarsson 2000. *Botndýralíf við mynni Leiruvogs*. Líffræðistofnun Háskólans, fjölrit nr. 52, 31 bls.

Jörundur Svavarsson 2007. *Botndýralíf í innsta hluta Kollafljarðar*. Líffræðistofnun Háskólans, fjölrit nr. 76, 43 bls.

Jörundur Svavarsson 2025. *Minnisblað um niðurstöður Vatnaskila*, 4 bls.

Kemp, Marthie 2014. *Measurement of Plant Bio-diversity. The Braun-Blanquet technique*. <https://www.slideserve.com/jade-french/measurement-of-plant-bio-diversity> (sótt 2.11.2024).

Kristbjörn Egilsson (ritstj.), Ævar Petersen, Bergþór Jóhannsson, Haukur Jóhannesson og Agnar Ingólfsson 1985. *Innnes. Náttúrfaer, minjar og landnýting*. Unnið fyrir Staðarvalsnefnd. Náttúrufræðistofnun, Reykjavík, 103 bls.

Kristbjörn Egilsson (ritstj.), Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Guðmundur Guðjónsson, Haukur Jóhannesson og Jóhann Óli Hilmarsson 1999. *Náttúrufar með Sundum í*

Reykjavík. *Ellidaárdalur, Úlfarsá, Blikastaðakró, Grafarvogur, Elliðavogur og Laugarnes*. Skýrsla unnin fyrir Reykjavíkurborg. Náttúrufræðistofnun Íslands, 73 bls. + kort.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Gunnlaugur Pétursson & Jóhann Óli Hilmarsson 1994. *Útbreiðsla varpfugla á Suðvesturlandi. Könnun 1987-1992*. - Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 25, 126 bls.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage 2016. *Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi*. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 55, 296 bls.

Lárus Ágúst Gíslason 1982. *Handbók um hlunnindajarðir á Íslandi*. - Leiftur h.f., Reykjavík, 334 bls.

María Harðardóttir (ritstj.) 2003. *Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar*. Umhverfisstofnun, Reykjavík, 291 bls.

Náttúrufræðistofnun Íslands 2018a. *Válisti plantna*.  
<https://www.ni.is/is/midlun/utgafa/valistar/plontur> (sótt 11.2.2024).

Náttúrufræðistofnun Íslands 2018b. *Vistgerðakort*. <http://vistgerdakort.ni.is/> (sótt 4.1.2024).

Náttúrufræðistofnun Íslands 2018c. *Válisti fugla 2018*.  
<http://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla> (sótt 5.1.2023).

Náttúrufræðistofnun Íslands 2020. *Náttúruminjaskrá, B-hluti*:  
<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/sudvesturland/ellidavogur-grafarvogur> (sótt 5.1.2024).

Náttúrufræðistofnun Íslands 2024. *Vetrarfuglatalningar – niðurstöður*.  
<https://www.ni.is/is/vetrarfuglatalningar-nidurstodur> (sótt 23.1.2024)

Ólafur Einarsson 1997. *Fuglalíf í Þerney á Kollafirði*. Unnið fyrir Garðyrkjudeild Reykjavíkur. Náttúrufræðistofnun, 7 bls.

Ólafur Einarsson & Ólafur Karl Nielsen, óbirt. *Fuglalíf á tveimur leirum á Innnesjum*. Talningar 2013-14.

Umhverfisráðuneytið 2002. *Alþjóðlegir umhverfissamningar – Bernarsamningur*.  
<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/?NewsId=8fc4f21b-e325-11e6-9c23-e4a47104df25> (sótt 10.2.2024).

Umhverfisstofnun 2021a. *Grafarvogur innan Gullinbrúar*.  
<https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/grafarvogur-innan-gullinbruar/> (sótt 29.1.2024).

Umhverfisstofnun 2021b. *Varmárósar*.

<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudvesturland/varmarosar-mosfellsbae/> (sótt 7.2.2024).

Umhverfisstofnun 2022. *Blikastaðakró – Leiruvogur*

<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudvesturland/blikastadakro-leiruvogur/> (sótt 30.1.2024).

Vatnaskil 2025a. *Sundabraut. Mat á áhrifum þverana á hafstrauma, öldufar, vatnsgæði og setflutninga*. Glærukynning 10. febrúar 2025, 51 bls.

Vatnaskil 2025b. *Sundabraut. Mat á áhrifum þverana á hafstrauma, öldufar, vatnsgæði og setflutninga*. Glærukynning 31. mars 2025, 25 bls.

## 11 Viðaukar

### Viðauki 1 – Fuglatal

Hér verða taldir upp allir fuglar sem sáust 2023 og eru upplýsingar aðallega byggðar á gögnum frá því ári, en eldri athuganir eru einnig teknar með, sem og tvær viðbótartegundir. **Dagsetningar án ártals eru allar frá 2023.** Fyrir utan athuganir 2023 er stuðst við vetrarfuglatalningar Náttúrufræðistofnunnar (2024) frá árunum 2018-2023, svo og ýmsar skýrslur, aðallega Arnþór Garðarsson 1998, Jóhann Óli Hilmarsson 2006 og Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2009, sjá einnig 3.3 og 4. töflu. Upplýsingar um verndarstöðu og hvort viðkomandi tegund sé íslensk undirtegund er að finna í 4. töflu.

**Álft** er fremur sjaldgæf, nokkrar álfir sáust á Tjörn við Álfsnes í október og nóvember, þar á meðal þar með þrjá unga. Tvær sáust nokkrum sinnum í Kollafirði í júní. Slæðingur hefur sést í vetrartalningum, 2-8 fuglar, aðallega á svæðinu Grafarvogur – Geldinganes. Álft er á II viðauka Bernarsamningsins.

**Heiðagæs** er sjaldgæfur fargestur, tvær sáust á flugi í utanverðum Kollafirði 4. maí. Heiðagæs er ábyrgðartegund.

**Grágæs** er algengur varpfugl, sumar- og vetrargestur. Ef til vill einnig fargestur. Grágæsir með unga sáust á Tjörn, í utanverðum Kollafirði og þær voru áberandi á Gufunessvæðinu. Grágæsir með unga sáust einnig í Geldinganesi, víða í Álfsnesi og norðan Kollafjarðar. Grágæs er ábyrgðartegund.

**Margæs** er mjög algengur fargestur (umferðarfugl), sérstaklega á vorin. Hundruð eða jafnvel þúsundir fugla koma þá við á svæðinu. Margæs er meiri sjófugl en aðrar gæsir og etur m.a. marhálmm og grænþörungum á grunnsævi. Hún sést þó einnig í túnum. Margæsir sáust á öllum talningarsvæðum nema Tjörn við Álfsnes. Stærstu hóparnir voru í Eiðsvík (348 20. apríl), Nesvík (225 11. apríl) og þar sást stærsti hausthópurinn (144 29. sept.). Þann 4. maí voru 362 fuglar á túni við Blikastaði. Kunnur náttstaður er í Leirvogstungu í Leiruvogi við ósa Leirvogssár (650 þann 12. maí 2006). Henni fer jafnt og þétt fjölgandi á athugunarsvæðinu. Margæs er ábyrgðartegund.

**Brandönd** er nýr landnemi, hún fannst fyrst verpandi í Leiruvogi um 2015 og hóf uppúr því að hafa vetursetu á svæðinu. Hún er nú allalgengur varpfugl, fargestur og vetrargestur þar. Flestar sáust 55 í Leiruvogi 4. maí og 42 í Nesvík 17. sept. Brandöndin er bundin við sjávarsíðuna, líkt og margæsin, en sækir mest á leirur eftir æti.

**Rauðhöfðaönd** strjáll varpfugl, sumargestur og mjög algengur haust- og vetrargestur. Kolla með unga sást á Tjörn, fuglar sáust einnig á tjörn í dalverpi norðan Gufuneshöfða og norðan Kollafjarðar. Helstu vetrarstaðir eru Tjörn þegar hún er auð, Grafarvogur, Eiðsvík, Blikastaðakró, Nesvík og Leiruvogur og Kollafjörður innri. Flestar voru 96 í Nesvík 16. okt.

**Gargönd** er sjaldgæfur far- og vetrargestur. Hún hefur m.a. sést á Tjörn, í Leiruvogi og Nesvík, oftast nær stök pör. Gargönd er á válista sem fugl í nokkurri hættu (NT).

**Urtönd** er sjaldgæfur varpfugl og algengur vetrargestur. Urtönd með unga sást á Tjörn og þær hafa þar vetursetu, ef tjörnin er íslaus. Urtendur halda til á Varmá á veturna og er áin einn helsti vetrarstaður urtandar á landinu. Nokkrir tugir sjást þar allan veturinn og fram á vor og sennilega verpa fáein pör við áróssanna. Nokkrir tugir halda einnig til í Grafarvogi á veturna.

**Stökkönd** er algengur varpfugl og sumargestur og mjög algeng á veturna. Hún er algengasta öndin, næst á eftir æðarfugli og sást á öllum talningarsvæðum. Kollur með unga sást m.a. í dalverpinu norðan Gufuneshöfða og víðar á Gufunes-svæðinu, svo og á Tjörn og við Kollafjörð. Stökkönd er mest áberandi utan varptíma, helstu vetrastöðvar eru Eiðsvík, Tjörn, Nesvík og innanverður Kollafjörður, svo og í Grafarvogi, Blikastaðakró og loks í Leiruvogi frá september til mars, mest kringum 300 fuglar.

**Grafönd** er sjaldgæf, stöku fuglar og pör sjást á veturna og á fartíma, t.d. í Leiruvogi og á Tjörn. Grafönd er á válista sem fugl í nokkurri hættu (NT).

**Skúfönd** er sjaldgæfur varpfugl, fargestur og vetrargestur. Kolla með unga var á Tjörn og þar sást á tjörn í dalverpinu norðan Gufuneshöfða á varptíma. Flestar voru 7 á Tjörn á fartíma (20. apríl). Stöku skúfendur hafa sést í duggandarhópnum útaf Elliðavogi, mest 8 þann 13. jan. 2016.

**Duggönd** er sjaldgæfur far- og vetrargestur. Duggandarpar hélt til á Tjörn allan apríl og maí og þar sást í Leiruvogi 4. maí. Misstór duggandarhópur hefur haft vetursetu á sjó útaf mynnum Elliðavogs og Grafarvogs allavega síðan 2016. Þetta er aðeins fimmti kunni vetursetustaður duggandar á landsvísu. Flestar voru þær 38 þann 21. jan. 2020. Duggönd er á válista sem tegund í hættu (EN).

**Æðarfugl** er algengasti fuglinn á athugunarsvæðinu, bæði sem varpfugl, sumargestur og vetrargestur. Hann sást á öllum talningarsvæðum og í öllum talningum á strandsvæðum nema í einni. Jafnframt sást fuglar á Tjörn, kollur með unga, pör og blikar. Stærsta varpið er í Þerney, um 600 pör 1997 (Ólafur Einarsson 1997). Korpúlfsstaðahólmi (Leirvogshólmi) er gamalkunnur varpstaður og var varpið nýtt áður fyrr frá Korpúlfsstöðum (Lárus Ágúst Gíslason 1982). Kollur með unga (fyrir utan Tjörn sem fyrr er getið) sást í Eiðsvík, Nesvík (12 kollur með 41 unga 20. júní), á sundinu milli Gunnuness og Geldinganness (16 kollur með 42 unga 20. júní) og á báðum Kollafjarðarsvæðunum (15 kollur með 47 unga á ytra svæðinu 20. júní og 10 kollur með 33 unga á því innra sama dag). Mest var af fuglum frá Nesvík norður um til Kollafjarðar á öllum tímum árs. Sama útkoma er úr vetrarfuglatalningum. Æðarfuglum í Eiðsvík virðist hafa fækkað frá 2004. Stærsti hópurinn sem kunnugt er um var í Leiruvogi var 24. sept. 1998, þá sást þar 1113 fuglar (Arnþór Garðarsson 1998). Æðurin er ábyrgðartegund, hér er einlend undirtegund og hún er á válista sem tegund í yfirvofandi hættu (VU).

**Aðarkóngur** er sjaldgæfur vorgestur, stakir, fullorðnir blikar sáust í Nesvík 4. maí og innst í Kollafirði 12. maí, í bæði skiptin í aðarhópum.

**Straumönd** er vetrargestur, lítill hópur heldur til við Sjálfkvíar norðan Kollafjarðar að utanverðu. Fuglar sáust þar frá því seint í desember fram í júníbyrjun. Flestir 16 í vetrarfuglatalningu 9. jan. 2022, við sáum 11 (8 steggi og 3 kollur) þann 11. apríl. Straumönd er ábyrgðartegund og á II viðauka Bernarsamningsins.

**Hávella** er algengur vetrargestur á sjó á svæðinu, frá miðjum október til loka maí, 2 sáust 20. júní. Hún er algengust í Kollafirði og við utanverðan Leiruvog, skiptir oft tugum. Hávella er á válista sem tegund í nokkurri hættu (NT).

**Toppönd** er algengur vetrargestur á sjó og einnig strjáll varpfugl og sumargestur. Hún sást á öllum strandsvæðum, flestar í innanverðum Kollafirði. Kolla með 9 unga var á sundinu milli Geldinganes og Gunnuness þann 15. ágúst.

**Gulönd** er sjaldgæfur vetrargestur á sjó, kolla sást við Gufuneshöfða 28. nóv. Gulönd er árviss vetrargestur í Grafarvogi, Elliðavogi og sést víðar með ströndum fram á veturna, hún er þó aðallega ferskvatnstegund. Gulönd er á válista sem tegund í yfirvofandi hættu (VU).

**Rjúpa** er strjáll varpfugl og vetrargestur. Rjúpur sáust á þremur sniðum í mófuglatalningum, stakir karrar á þeim öllum. Meðalþéttleiki var 3,2 pör/km<sup>2</sup>. Nokkrar rjúpur sjást venjulega í vetrartalningum á Mógilsá á svæðinu Gunnunes – Saltvík og þær hafa jafnframt sést í Geldinganesi. Rjúpa er einlend undirtegund og á válista sem tegund í nokkurri hættu (NT).

**Lómur** er aðallega vetrargestur, en sést einnig á sumrin, hann var t.d. algengur á sundinu milli nesja og í Kollafirði í maí og júní. Flestir voru 31 í utanverðum Kollafirði 28. nóv., 31 fugl. Lómur sást á öllum vetrartalningarsvæðum, hann var tíðastur nyrst, á Kollafjarðarsvæðinu, þar sem nokkrir fuglar sáust árlega.

**Himbrimi** er á svipuðu róli og lómur, en sjaldgæfari. Himbrimar, oftast stakir, sáust við Gufuneshöfða, í Eiðsvík, á sundinu milli nesja og í utanverðum Kollafirði. Hann er sjaldséður í vetrartalningum. Himbrimi er ábyrgðartegund, í viðauka II (Bernarsamningur) og á válista sem tegund í yfirvofandi hættu (VU).

**Flórgoði** er vetrargestur, nokkrir fuglar hafa haft vetursetu í Eiðsvík, Blikastaðakró og Kollafirði. Engir flórgoðar sáust nú, en fáeinir í vetrarfuglatalningum 2018-2023. Flórgoði er á viðauka II Bernarsamningsins.

**Fýll** er varpfugl, og sést árið um kring, þó hann sé aðallega vor- og sumargestur. Hann sást frá því talningar hófust 21. mars og út ágúst. Fýlar hafa orðið í Djúpuvík og Höfða, 2006 urpu þar 126 pör og 112 pör 2008. Varpið er mest í klettum fyrir botni Djúpuvíkur, sunnan Afstapa. Fýlar voru sestir upp þarna 21. mars og náðu hámarki 11. apríl, 87 setin hreiður. Þann 25. maí voru 70 setin hreiður í klettunum en svo fækkað þeim hratt og aðeins 6 voru á hreiðri 17. júlí. Þann 1. ágúst voru fýlarnir

horfnir. Ekki höfum við neina haldbæra skýringu á þessari hegðun fýlanna, hvort ætisskortur hafi valdið hruni varpsins eða hugsanlega rándýr? Við skoðuðum ekki vestanverðan Höfða, við Álfsnesvík, þar sem 21 hreiður fannst 2008. Um 70 fýlar sáust í vetrartalningu 9. jan. 2022 í Kollafirði. Þá sáust fáeinir fýlar við Gufuneshöfða og á sundinu milli nesja um vorið. Fýlar hafa orpið á þessum slóðum, þó varla lengur. Fýll er ábyrgðartegund og á válista sem tegund í yfirvofandi hættu (VU).

**Dílaskarfur** er aðallega haust- og vetrargestur, sést síst í júní, júlí og fram í miðjan ágúst. Mest er af honum í utanverðum Kollafirði, þó hann sjáist eitthvað á öllum strandsvæðum. Í Kollafirði sáust flestir 44 þann 16. okt. Þeir hafa skipt hundruðum í vetrarfuglatalningum, það ræðst af ætinu hvar þeir halda sig helst.

**Toppskarfur** er sjaldséður vetrargestur, fáeinir sáust í ytri hluta Kollafjarðar frá miðjum ágúst fram í mars og einn í Eiðsvík. Sömuleiðis eru þeir fremur fáséðir í vetrarfuglatalningum, sjást helst í Kollafirði. Toppskarfur er á válista sem tegund í yfirvofandi hættu (VU).

**Gráhegri** er sjaldséður vetrargestur, gráhegri sást í innst í Kollafirði 16. okt. Hegrar sjást oft í vetrartalningum, þá helst við Grafarlæk í Grafarvogi og Mógilsá í Kollafirði.

**Haförn** er sjaldséður vetrargestur, við saum tvo í Kollafirði 28. desember, fullorðinn og ungan. Ernir sjást nokkuð oft í Leiruvogi, einnig á sorphaugunum, í Grafarvogi og víðar. Ernir urpu áður fyrr í Lágafellshömrum í Úlfarsfelli. Haförn er á válista sem tegund í hættu (EN) og hann er skráður á viðauka II hjá Bernarsamningnum.

**Smyrill** er sömuleiðis vetrargestur og hann er sérstaklega áberandi á haustin. Hann sést á öllum svæðum í vetrarfuglatalningum. Íslenski smyrillinn er einlend undirtegund.

**Fálki** er enn einn vetrargesturinn úr hópi ránfugla. Við saum ekki fálka í okkar athugunum, en hann sést af og til í vetrarfuglatalningum, oftast á Kollafjarðarsvæðinu (052). Fálki er á válista sem tegund í yfirvofandi hættu (VU), hann er ábyrgðartegund og skráður á viðauka II hjá Bernarsamningnum.

**Háleggur** er sárasjaldgæfur flækingsfugl hér á landi frá S-Evrópu. Við fundum kvenfugl á Tjörn við Álfsnes 4. maí og er það líklega þriðji fuglinn sem sést á landinu (21. mynd) .

**Tjaldur** er einn algengasti vaðfuglinn á athugunarsvæðinu. Hann er fargestur og vetrargestur í fjörum og sérstaklega á leirum, aðallega í Nesvík (flestir 323 þann 17. júlí, 16. mynd) og innri hluta Kollafjarðar (198 sama dag). Hann sást í öllum talningum á þessum svæðum og sást meira og minna á öllum talningarsvæðunum. Hann er og algengur varpfugl í lítt grónu landi, meðalþéttleiki voru 30 pör/km<sup>2</sup> (3. tafla). Nokkur hreiður fundust. Hann sást í öllum vetrartalningum, mest í Leiruvogi og Kollafirði, mest hátt á þriðja hundrað á hvorum stað. Tjaldur er á válista sem tegund í yfirvofandi hættu (VU).

**Sandlóa** er strjáll varpfugl og fargestur. Sandlóur í varpi fundust á fjórum sniðum, par á hverju, meðalþéttleikinn var 4,3 pör/km<sup>2</sup> (3. tafla). Við sáum einungis fáeinar sandlóur á helstu vaðfuglastöðum á fartíma. Annað hvort hefur henni fækkað eða við misst af henni. Eldra hámark voru 223 fuglar í Leiruvogi 7. maí 1998. Sandlóa er ábyrgðartegund og hér finnst einlend undirtegund.

**Heiðlóa** er mjög algeng á fartíma, sérstaklega á leirum á haustin. Hún er jafnframt fremur strjáll varpfugl. Heiðlóa fannst verpandi á þremur sniðum, meðalþéttleiki var 6,4 pör/km<sup>2</sup>, flest óðulin voru í Geldinganesi (3. tafla). Hún er mjög algeng á helstu leirusvæðum síðsumars og á haustin, sérstaklega í Leiruvogi. Hámarkið í Nesvík var 16. okt., 1040 fuglar. Í Leiruvogi utan Nesvíkur voru 966 fuglar 17. sept., sama dag voru 660 í Nesvík, svo í voginum voru þá 1626 fuglar (19. mynd). Hæsta talan í Leiruvogi var 1838 fuglar þann 22. ágúst 1997. Flestar lóur í Kollafirði voru 311 þann 17. sept., fremur lítið sást af lóum í Eiðsvík. Heiðlóa er ábyrgðartegund.

**Gulllóa** er amerísk frænka heiðlóunnar, sem sést árlega hér á landi, oftast í lóuhópum. Ein var í lóuhópi í Leiruvogi 17. sept. 2023.

**Rauðbrystingur** er tíður fargestur, sérstaklega á vorin í Nesvík og einnig annars staðar í Leiruvogi, svo og í Grafarvogi og Kollafirði. Hámarkið í Nesvík voru 603 fuglar þann 4. maí meðan hausthámarkið voru 236 fuglar þann 15. ágúst (17. mynd). Rauðbrystingurinn er hánorrænn varpfugl, m.a. á Grænlandi og í Norður-Kanada. Hann er fargestur á Íslandi bæði vor og haust á leið sinni á milli varpstöðva á Íshafseyjum Kanada og vetrarheimkynna í Vestur-Evrópu, en undirtegundin *Calidris canutus islandica* fer hér öll um á fartíma. Hann er því á svipuðu róli á ferðum sínum og margæsin. Rauðbrystingur er ábyrgðartegund.

**Sanderla** er fargestur, 132 fuglar sáust í Nesvík 25. maí og 45 fuglar á öðrum vaðfuglasvæðum sama dag. Sanderlu hefur fjölgað mikið í Grafarvogi á síðustu árum (Ólafur Einarsson & Ólafur Karl Nielsen, óbirt). Fremur lítill stofn sanderlu fer hér um vor og haust á leið milli varpstöðva á NA-Grænlandi og vetrarstöðva við strendur V-Evrópu og V-Afríku. Hún er ábyrgðartegund.

**Sendlingur** er algengur far- og vetrargestur. Rúmlega 200 fuglar sáust í Nesvík bæði vor (11. apríl) og haust (16. okt., 17. mynd). Þetta gætu þó verið vetrargestir, en svipaður fjöldi sást 28. des., sem og í vetrarfuglatalningum. Vetrarfuglar sjást einnig í Kollafirði og Grafarvogi, á síðarnefnda staðnum hafa yfir 1000 fuglar sést að vorlagi. Sendlingur er á valista sem tegund í hættu (EN), ábyrgðartegund, á skrá Bernarsamningsins og hér finnst einlend undirtegund.

**Lóupræll** algengur fargestur og strjáll varpfugl. Verpandi lóuprælar fundust á fjórum sniðum, 6,4 pör/km<sup>2</sup> að meðaltali, hann var algengastur í Geldinganesi. Mun minna sást af lóupræll árið 2023 en áður á leirum eins og í Leiruvogi, hámarkið var 61 fugl í Nesvík 20. júní, miðað við 383 fugla 25. maí 1997 í Leiruvogi öllum. Hann er mjög algengur í Grafarvogi, t.d. sáust 1160 fuglar 12. maí 1997, 499 fuglar 15. júlí 2014 og 823 fuglar 4. júlí 2023 (eBird 2024). Engar skýringar eru á þessari fækkun í Leiruvogi. Lóupræll er ábyrgðartegund og hér er einlend undirtegund.

**Hrossagaukur** er algengur varpfugl og strjáll vetrargestur. Hann var algengasti fuglinn á varpfuglasniðunum og fannst á 8 af 9 sniðum, varþéttleikinn var 48,6 pör/km<sup>2</sup>. Fáeinir sjást á veturna við opið vatn við Varmárósa og Mógilsá. Hérlandis finnst einlend undirtegund.

**Jaðrakan** er strjáll varpfugl og algengur fargestur. Jaðrakanar með varpatferli fundust á þremur sniðum, flestir í Geldinganesi. Jaðrakanar hafa viðdvöl í Eiðsvík, Leiruvogi og Kollafirði, en flestir sáust í Nesvík. Þeir sáust þar í öllum talningum frá 11. apríl til 17. sept. nema einni, flestir 245 þann 4. maí, þá sáust jafnframt 24 annars staðar í Leiruvogi. Þetta er fjölgun frá fyrri árum, þegar hámarkið í Leiruvogi var 80 fuglar (5. maí 1997). Jaðrakan er ábyrgðartegund, í II viðauka Bernarsamningsins og hér er einlend undirtegund, sem jafnvel gæti orðið sérstök tegund í framtíðinni.

**Spói** er strjáll varpfugl og fargestur. Spói fannst á 5 sniðum af 9, flestir í Geldinganesi. Þéttleikinn var 5,5 pör/km<sup>2</sup>. Spóahópar sáust í Nesvík 17. júlí (57) og 1. ágúst (18), annars voru aðeins fáeinir fuglar á helstu vaðfuglastöðum. Engir hópar komu fram í eldri athugunum. Spói er ábyrgðartegund og hér er einlend undirtegund.

**Fjöruspói** sást einu sinni, í sniðtalningu í Gunnunesi 24. júní. Fuglinn flaug kallandi yfir athugunarmann og hvarf svo á braut, svo hann hefur væntanlega ekki verið í varpi, þó þetta hafi verið á varptíma. Fjöruspói er strjáll varpfugl og vetrargestur hér á landi. Hann hefur jafnframt sést í vetrartalningu í Leiruvogi. Fjöruspói er á valista sem tegund í bráðri hættu (CR) vegna fágætis.

**Stelkur** er algengur varpfugl og vetrargestur og mjög algengur á fartíma. Hann fannst á öllum mófuglasniðum og var fjórði algengasti fuglinn, þéttleikinn var 17 pör/km<sup>2</sup>. Hann var tíður á helstu vaðfuglastöðum, mest í Nesvík, hámarkið þar var 279 fuglar 5. júlí (17. mynd). Hann er einn algengasti vaðfuglinn í Eiðsvík. Í eldri talningum í Leiruvogi sáust flestir fuglar um vorið 7. maí 1998 (569) og síðsumars 22. júlí (399) sama ár. Hann er og algengur í Grafarvogi, en virðist þó hafa fækkað þar. Fáeinir tugir sjást á veturna. Stelkur er á valista sem tegund í nokkurri hættu (NT), hann er ábyrgðartegund og hér er einlend undirtegund.

**Tildra** er algengur far- og vetrargestur, sem sést einnig á sumrin. Hún fer hér um á ferðum sínum milli varpstöðva á Grænlandi og NA-Kanada og vetrarstöðva í V-Evrópu og V-Afríku. Tildrur sáust á öllum talningarsvæðum, en langflestar í Nesvík (hámark 65 fuglar 21. mars) og innri hluta Kollafjarðar (169 fuglar 25. maí). Hún virðist á svipuðu róli á Leiruvogssvæðinu og áður fyrr, en meira sást í Kollafirði en 2006. Talsvert kemur við af tildru í Grafarvogi, en þó eitthvað minna 2014 en 1997-98. Örfáir tugir sjást í vetrarfuglatalningum á öllum svæðum. Tildra er ábyrgðartegund.

**Óðinshani** var sjaldgæfur á athugunarsvæðinu 2023. Hann er aðallega sumargestur, sást í öllum talningum á Tjörn við Álfsnes, 3-11 fuglar, frá 12. maí til 1. ágúst. Ekkert benti til varps. Mynstrið var svipað 2008 á Tjörn. Stöku fuglar sáust í Kollafirði. Óðinshani er á valista sem tegund, þar sem skortir upplýsingar um stærð stofns (DD).

**Kjóí** er sjaldséður sumargestur. Stakir fuglar sást í Leiruvogi 4. maí og í Nesvík 20. júní. Kjói er á válista sem tegund í hættu (EN).

**Hettumáfur** er algengur sumar- og vetrargestur. Hann sást á öllum talningarsvæðum, mest í Eiðsvík, Nesvík, við Tjörn og í innri hluta Kollafjarðar, síðsumars og fram á haust. Flestir voru í Leiruvogi 17. sept., 282 fuglar. Þaðan eru og hæstu tölur frá fyrri tíð, 834 fuglar 22. sept. 2006 og 961 fugl 1. okt. 1997. Hann var algengur á öllum svæðum í vetrarfuglatalningum, stærsti þekkti hópurinn var í Grafarvogi 3. jan. 2024, 819 fuglar.

**Stormmáfur** er algengur sumar- og vetrargestur. Hann hefur orpið á athugunarsvæðinu, þó ekki hafi fundist nein merki um það nú. Stormmáfar sást á öllum talningarsvæðum, mest í Nesvík og innri hluta Kollafjarðar frá því síðsumars og fram á haust. Einhver fækkun virðist hafa átt sér stað hjá stormmáfi, sbr. að alls sást 323 fuglar í Leiruvogi og Kollafirði í talningum 21.-22. sept. 2006, sem er mun meira en sást nú. Nokkrir tugir sást á öllum vetrartalningarsvæðum.

**Sílamáfur** er strjáll varpfugl og algengur sumargestur. Hann er farfugl. Varplegir sílamáfar fundust nú eingöngu í Geldinganesi. Hann er hættur að verpa í Gunnunesi og Álfsnesi. Honum hefur einnig fækkað töluvert, sérstaklega á norðanverðu svæðinu, þar sem silfurmáfur hefur tekið yfir sem algengasti máfurinn. Honum virðist einnig hafa fækkað á sorphaugunum, þó það hafi ekki verið skoðað sérstaklega. Á árunum 2005-2007 voru að meðaltali skotnir 2844 sílamáfar á Álfsneshaugunum á ári, við höfum ekki nýrri tölur á takteinum. Sílamáfur er á válista sem tegund þar sem skortir gögn um stofnstærð (DD).

**Silfurmáfur** er mjög algengur sumar- og vetrargestur. Ekki er vitað um varp á athugunarsvæðinu, þó líklega sé eitthvað varp í nágrenni þess. Silfurmáfur sást á öllum talningarsvæðum, flestir í innri hluta Kollafjarðar, á sundinu milli Gunnuness og Geldinganes og á Tjörn. Hann var algengasti stóri máfurinn á öllum talningarsvæðum, nema við Gufuneshöfða, þar var sílamáfur jafnalgengur og í tveimur talningum í Leiruvogi, þar voru sílamáfur og svartbakur algengari. Þetta er mikil breyting frá fyrri tíð. Silfurmáfur er næstalgengasti stóri máfurinn í vetrarfuglatalningum, á eftir svartbaki.

**Bjartmáfur** er algengur vetrargestur, eitthvað sást á öllum talningarsvæðum á tímabilinu 29. sept. til 6. júní. Hvergi var þó mikið af honum, flestir 16 í Nesvík 16. okt. Hann sést nokkuð reglulega í vetrarfuglatalningum, frá fáeinum fuglum uppí 200.

**Hvítmáfur** sést árið um kring en er algengari á veturna. Hann sást á öllum talningarsvæðum, flestir á innri hluta Kollafjarðar. Nokkrir tugir uppí hálft annað hundrað sjást í vetrarfuglatalningum. Hvítmáfur er á válista sem tegund í hættu (EN).

**Svartbakur** er mjög algengur vetrargestur og algengur sumargestur. Hann fannst ekki verpandi nú, en 2008 voru 9 pör með varpatferli í Álfsnesi. Hann var mjög algengur á sorphaugunum og voru 802 drepnir að meðaltali á árunum 2005-2007. Eins og með

sílamáfinn var ekkert spáð í máfadráp nú, en ruslahaugunum verður væntanlega lokað fljótlega eða það stendur allavega til. Svartbakar (og aðrir stórir máfar) sem halda til á haugunum, hafa sótt í Leiruvog til að baða sig, snyrta og hvílast. Þeim hefur greinlega fækkað á undanförunum árum, eins og sést á vetrarfuglatalningum. Svartbakur er á válista sem tegund í hættu (EN).

**Rita** er strjáll sumargestur. Fáeinir sáust óreglulega yfir sumarið, flestar 16 í Nesvík 12. maí og jafnmargar í innri hluta Kollafjarðar sama dag. Þær sáust í sundinu milli Gunnuness og Geldinganes á tímabilinu 4. maí til 15. ágúst, en mest var af þeim í maí. Rita er á válista sem tegund í yfirvofandi hættu (VU).

**Kría** er fremur strjáll varpfugl og algengur sumargestur. Um 20 kríupör urpu við sniðið í Geldinganesi. Kríuvarp er horfið úr Gunnunesi. Kríur sáust frá 4. maí til 1. ágúst, eitthvað á öllum athugunarsvæðum, en annars mest í Eiðsvík, Nesvík og innri hluta Kollafjarðar, flestar 82 í Eiðsvík 1. ágúst. Kría er á válista sem tegund í yfirvofandi hættu (VU) og ábyrgðartegund.

**Langvía** er sjaldgæfur sumargestur, stakur fugl sást í ytri hluta Kollafjarðar 25. maí. Hún er sömuleiðis sjaldséð í vetrarfuglatalningum, aðeins sjást stöku fuglar. Langvía er á válista sem tegund í yfirvofandi hættu (VU) og ábyrgðartegund.

**Álka** er á svipuðu róli og langvían, en þó aðeins tíðari. Fjórar álkur sáust við Gufuneshöfða, tvær á sundinu milli nesja og ein á ytri hluta Kollafjarðar 25. maí, á síðastnefnda staðnum sáust þrjár álkur 4. maí. Álkur sjást stöku sinnum í vetrarfuglatalningum, þá jafnvel í smáhópum. Álka er á válista sem fugl í nokkurri hættu (NT) og ábyrgðartegund.

**Teista** er algengasti svartfuglinn á innanverðum Sundum og sást slæðingur Þvíða. Teistur verpa í Lundey og hafa orpið í Þerney og Álfsnesi og gera jafnvel enn. Mest sást af teistu um vorið og fram á sumar, á ytri hluta Kollafjarðar sáust fáeinir teistur allt árið. Teistur sjást óreglulega í vetrarfuglatalningum, en þó reglulega á svæðinu Grafarvogur – Geldinganes. Teista er á válista sem tegund í hættu (EN), hún er ábyrgðartegund og hér er einlend undirtegund.

